

# **Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum**

**Samantekt úrskurða 2004**

## Mál nr. 4/2004

M  
og

### Vátryggingafélagið X v/ábygðartryggingar atvinnureksturs v/húseigendaábygðar

**Meiðsl við fall við verslun, þann 06.09. 2002,  
ágreiningur um hvort slys megi rekja til vanbúnaðar.**

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 13.01. 2004, ásamt fylgiskjölum 1 – 6 þ. á m. skýrslu lögreglu og afriti ljósmynda og bréfs frá byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.01. 2004, ásamt afriti bréfs félagsins, dags. 22.09. 2003.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 854/2003.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega. M, 87 ára að aldri, hrasaði og féll er hún gekk um aflíðandi rampa (skábraut) við inngang verslunar.

Vátryggingafélagið telur umbúnað fasteignarinnar ekki með þeim hætti að það baki bótaábygð. Halli við innganginn hafi verið til þess að auðvelda aðkomu gangandi vegfarenda sem og þeirra sem eru í hjólastól eða með barnavagna. Halli skábrautarinnar sé ekki mikill, hann sé aflíðandi, brautin hafi verið steipt og mun ljósari að lit en malbikað planið fyrir utan. Fall M verði að telja óhappatívik en ekki bótaskyld atvik. Félagið telur að athugasemdir byggingaryfirvalda séu fyrst og fremst formlegs eðlis. Þær varði viðeigandi leyfi og það eitt skapi ekki bótaábygð. Það vanti hina saknæmu háttsemi sem sé skilyrði bótaábygðar. Mat á því hvort háttsemi sé saknæm, svo til bótaskyldu leiði, fari fram sjálfstætt óháð þeim formreglum sem um framkvæmdaleyfi gilda.

M telur bótaábygð vera fyrir hendi. Byggingarfulltrúi hafi gert athugasemdir við frágang við inngang verslunarinnar. Inngangsrampinn sé ekki í samræmi við samþykktu uppdrætti og ekki hafi verið lögð fram tilskilin gögn er varðar andyrið til embættis byggingarfulltrúa. M getur bréfs byggingarfulltrúans, dags. 17.09. 2002, þar sem fram kemur m.a. að samkvæmt byggingarreglugerð nr. 44/1998 sé óheimilt að reisa hús, breyta því að innan eða utan (sbr. nánar bréfið) nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar. Ennfremur sé í bréfinu kveðið á um það að hæðarskilum skuli jafnað út á þægilegan hátt en það hafi ekki verið gert og hæðarmismunur sé meðfram allri skábrautinni. Ennfremur hafi bréfið verið áskorun um að ráðast í úrbætur þegar í stað.

M telur orsök slyssins vera framangreindur hæðarmismunur, ófullnægjandi frágangur sem hafi ekki verið í samræmi við byggingarreglugerð. Um hafi verið að ræða “óleyfisframkvæmdir þar sem frágangur var til þess fallinn að valda slysi eins og segir í bréfi frá byggingarfulltrúa”. Um er að ræða verslun þar sem hafa þarf aðgengi fyrir alla hvort sem um er að ræða unga sem aldna og því óásættanlegt að hafa aðgengi eins og að framan greinir.

#### Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, sem lögð hafa verið fyrir úrskurðarnefndina, hefur ekki verið sýnt fram á að rekja megi slysið til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka, vanbúnaðar á aðstöðu við verslunarhúsnæðið eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð á. Ekki er unnt að fallast á að skýra megi bréf byggingarfulltrúans í Reykjavík, um “frágang sem hætta getur stafað af”, á þann veg að skilyrði bótaábygðar séu uppfyllt. Ljóst er að upphækkun getur jafnan haft einhverja hættu í för með sér ef ekki er varlega farið. Athygli vekur að í áverkavottorði, dags. 03.03. 2003, er þess getið að M hafi misstigið sig með þeim afleiðingum að hún datt fram fyrir sig og skall með andlitið í jörðina.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð váttryggingartaka í máli þessu.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. febrúar 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 6/2004

M

og

### Líftryggingafélagið X v/sjúkdómatryggingar

#### Ágreiningur um réttarstöðu vegna sjúkdómatryggingar sem tekin var á árinu 1998.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið 19.01. 2004, ásamt fylgiskjölum 1-9.
2. Bréf váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.01. 2004.
3. Niðurstaða Tjónanefndar váttryggingarfélaganna nr. 878/2003.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

M mun hafa tilkynnt félaginu um veikindin þann 20.12. 2001 og fengið bætur vegna þeirra þann 08.05. 2003. Eftir að hann tilkynnti veikindin hafði hann áfram sjúkdómatryggingu hjá félaginu. Hann mun hafa veikst af öðrum sjúkdómi árið 2003 og tilkynnt um það til félagsins. Með bréfi, dags. 30.07. 2003, hafnaði félagið ábyrgð vegna þess sjúkdóms. M telur að hann eigi rétt á greiðslu bóta einnig vegna þessa enda hafi hann greitt iðgjaldið af váttryggingu þessari og ekki sé um sama sjúkdóm að ræða og í fyrra tilvikinu.

Váttryggingafélagið vísar til þess að “trygging M var sjúkdómatrygging þar sem bótafjárhæð (höfuðstóll) var greidd út í maí 2003 ekki er um neina bótafjárhæð að ræða eftir það og þar af leiðandi fellur tryggingin úr gildi.” Félagið kveðst hafa innheimt iðgjald, eftir að búið var að tilkynna til félagsins um veikindin, “af því að tryggingin þarf að vera í gildi meðan úrskurðað er um bótaskyldu og trygging er þá fyrir hendi komi til annað veikindatilfelli og hið fyrra ekki bótaskyld”. Félagið telur að einungis sé hægt samkvæmt skilmálum að fá váttryggingarfjárhæð greidda einu sinni vegna sjúkdóms á grundvelli sama váttryggingaskírteinis. Eftir að bætur voru greiddar í maí 2003 hafi váttryggingin verið felld niður. Félaginu hafi ekki verið heimilt að fella váttrygginguna úr gildi á meðan málið var til meðferðar hjá félaginu. M hafi einungis verið váttryggður fyrir ákveðinni váttryggingarfjárhæð og þegar hún hafi verið greidd út hafi váttryggingin fallið niður sbr. 5. gr. og 5. tl. 6. gr. skilmála váttryggingarinnar. Félagið vísar og til 7. gr. skilmála. Orðalag ákvæðisins gefi til kynna að bætur séu einungis greiddar vegna eins sjúkdóms en ekki margra sbr. orðalagið “...ef váttryggður greinist með einhvern eftirtalinna sjúkdóma...” sbr. nánar nefnt ákvæði.

#### Álit.

Samkvæmt 5. gr. skilmála skjúkdómatryggingar er váttryggingarfjárhæðar getið í váttryggingaskírteini eða endurnýjunarkvittun. Í 6. gr. er ákvæði um greiðslu bóta. Í 5. tl. er þess getið að þegar bætur hafa verið greiddar váttryggðum fellur váttryggingin úr gildi. Í 7. tl. sömu greinar er þess getið að “bætur eru ekki greiddar vegna váttryggðs...nema sjúkdómur greinist á því tímabili sem váttryggingin er í gildi. Greinist sjúkdómur eftir að váttrygging hefur fallið úr gildi er engin bótaskylda til staðar þó leiða mætti líkum að því að sjúkdómur hefði verið til staðar meðan váttryggingin var í gildi...”

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur M ekki sýnt fram á bótaskyldu sjúkdómatryggingar. Í framhaldi af greiðslu bóta þann 08.05. 2003 var váttryggingarfjárhæðin tæmd og í framhaldi þessa féll váttryggingin úr gildi sbr. nefndan 5. tl. 6. gr. skilmála.

M hefur ekki sýnt fram á vanrækta upplýsingaskyldu váttryggingafélagsins í máli þessu eða að unnt sé að víkja ákvæðum skilmála sjúkdómatryggingar til hliðar.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótagreiðslu úr sjúkdómatryggingu.

Reykjavík 11. febrúar 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 12/2004**

**M**  
**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.**

**Hestur varð fyrir bifreið á Vesturlandsvegi í Borgarbyggð þann 1.6.2001.**

**Gögn.**

1. Málskot móttekið 27.1.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrslur.
4. Greinargerð ökumanns A.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið norður Vesturlandsveg. Rétt fyrir ofan bæinn Kárastaði í Borgarbyggð varð hestur fyrir A. Aflífa þurfti hestinn vegna áverka sem hann hlaut. 11 ára gamall drengur, sonur M, hafði ríðið hestinum eftir reiðvegi vestan vegarins og ætlað að beitargirðingu austan hans. Bjart var af degi, sólskin og þurrt færi.

Ökumaður A kvaðst hafa verið á leið norður. Umferð hafi verið talsverð og mjög hæg. Hann hafi séð framundan hóp af hestum á reiðveginum meðfram þjóðveginum og hafi sumum verið ríðið en aðrir verið í taumi. Hafi hann séð að knapinn á fremsta hestinum hafi verið ungur að árum og virtist hann ekki ráða vel við hestinn. Kvaðst hann því hafa dregið enn frekar úr hraða. Er hann var kominn á móts við umræddan hest, hafi hann skyndilega tekið á rás þvert yfir akbrautina og hafnað á vinstra frambretti A. Kvaðst ökumaðurinn hafa um leið reynt að sveigja til hægri en ekki tekist að afstýra slysinu. Greinilegt hafi verið að drengurinn réði ekki við hestinn.

M kvaðst hafa verið að koma eftir reiðvegi meðfram þjóðveginum að vestanverðu frá hesthúsahverfi í Vindási í Borgarbyggð ásamt tveimur sonum sínum (hér eftir nefndir G og E). Þeir hafi ríðið hvor sínum hesti og voru aðeins á undan henni. Hún hafi verið gangandi með tvo hesta í taumi. Leið þeirra hafi legið yfir þjóðveginn áleiðis í beitargirðingu austan hans. Er G og E hafi verið komnir til móts við hlið á beitargirðingunni hafi löng bílalest nálgast úr suðri, en þó nokkuð hafi verið í fremsta bílinn sem hafi verið A. G hafi farið strax austur yfir veginn að hliðinu til að opna það. E hafi hins vegar ætlað að hinkra við þar til bílalestin væri farin hjá. Hafi hann reynt að halda í hestinn og sveigja honum frá veginum, en hesturinn hafi verið erfiður og viljað fara yfir veginn á eftir hinum. Hafi E átt í nokkru basli með hestinn og hafi hún því hraðað sér til hans eins og hún gat. A hafi síðan verið komin nánast að E, þegar hesturinn náði að fara inn á veginn. Nánast um leið hafi vinstra framhorn A lent hægra megin framan á hestinum. Taldi M að hraði A hafi verið fullmikill miðað við aðstæður.

Eitt vitni var að atvikinu. Það var á dráttarvél að slóðadraga á túni austan við Vesturlandsveg. Kvað vitnið mikla bílaumferð hafa verið á veginum. Það hafi séð að G var kominn yfir veginn, en E hafi verið á eftir honum og hafi hann átt í einhverju basli með hestinn sem hann sat. Kvaðst vitnið þá hafa séð nokkuð marga bíla í lest aka um Vesturlandsveginn til norðurs, en það hafi verið nokkuð í það að fremsti bíllinn í lestinni kæmi að E. Téðri bifreið hafi ekki verið ekið þarna neitt óeðlilega hratt. Kveðst vitnið hafa haldið áfram för sinni um túnið og síðan beygt þannig að það snéri baki í Vesturlandsveginn og því ekki séð þegar slysið varð.

**Álit.**

Tjónið hlaust af notkun A og ber ökumaður og eigandi bifreiðarinnar ábyrgð á því skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í tilviki því sem hér um ræðir má þó lækka bætur eða

fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

M var þarna á ferð með tveimur sonum sínum, þ. á m. E 11 ára gömlum. Synir hennar riðu hvor sínum hesti, en M kom á eftir þeim fótgangandi með tvo hesta í taumi. Ferðinni var heitið yfir Vesturlandsveg, þar sem umferð er að jafnaði mikil og hröð. E hafði ekki fulla stjórn á hesti sínum sem lyktaði með því að hesturinn fór út á veginn, er A kom aðvífandi svo slysi var ekki forðað. M mátti ekki treysta því að E myndi komast vandræðalaust yfir veginn einkum í ljósi þess að bróðir hans fór á undan yfir veginn. Var brún nauðsyn að honum yrði veitt aðstoð. Sýndi M því verulegt gáleysi með því að láta drengina fara á undan á hestunum og ætla E að fara hjálparlaust yfir veginn á hesti sem hann réð ekki við, þegar á reyndi. Ekki verður séð að ökumaður A hafi átt þess kost að afstýra slysinu þegar hesturinn hljóp í veg fyrir bifreiðina.

Þegar framangreint er virt verður að telja að tjónsatvikið verði rakið til gáleysis M. Ber því að beita hér fyrrgreindri lækkunarheild 3. mgr. 88. gr. ufl. þannig að bótaréttur M úr ábyrgðartryggingu A falli niður.

**Niðurstaða.**

Tjón M bætist ekki.

Reykjavík, 27. febrúar 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 21/2004

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar félagsstofnunar

### Ágreiningur um réttarstöðu vegna vinnuslyss þann 21.08. 2003.

#### Gögn.

4. Málskot móttakið 05.02. 2004, ásamt fylgiskjölum nr. 1-9 þ. á m. tjónstilkynningu, skýrslur lögreglu og skýrslu Vinnueftirlits ríkisins.
5. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.02. 2004.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 21/2004.

#### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

M var við vinnu sína á sláttutraktor fyrir vátryggingartaka að slá grasflöt. Einu sinni sem oft mun frákaströr hafa stíflast, sem leiðir gras frá hnífum undir vélinni yfir í safnkassa aftan við sæti stjórnanda, af völdum morgundaggar að því er talið er. M losaði rörið í sundur og teygði hendi ofan í það úr sæti sínu í átt að hnífum vélarinnar til þess að losa um stífluna án þess þó að gæta þess að slökkva á vélinni eða kúpla frá hnífunum með þeim afleiðingum að hann slasaðist. M taldi sig hafa aftengt hnífsblöðin en í ljós kom að svo var ekki.

Vátryggingafélagið telur ósannað að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna vátryggingartaka, ófullnægjandi verkstjórnar, vanbúnaðar sláttutraktorsins eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki beri skaðabótaábyrgð á. Félagið vísar og til þess að traktorinn var nýr og í fullkomnu lagi og ekkert bendi til þess að hann hafi verið vanbúinn á nokkurn hátt. Á slysdegi hafi M verið tæplega 21 árs og samkvæmt upplýsingum vátryggingartaka hafði hann unnið 2 sumur hjá vátryggingartaka einkum við sláttustörf og mun hann þannig hafa verið vanur slíkum störfum. Muni hann hafa verið “nokkuð sjálfráður um framkvæmd starfsins enda eðli þess þannig að hann var oftast einn að störfum”. Umræddur traktor hafði verið keyptur fyrir u.þ.b. mánuði fyrir slysið og hafi M unnið á honum þann tíma. Félagið telur að slysið verði rakið til óhappatilviljunar eða augnabliks aðgæsluleysis M sjálfs en ekki ófullnægjandi leiðbeininga sbr. nánar umfjöllun bréfs félagsins til nefndarinnar dags. 24.03. 2004.

M telur að slysið megi rekja til þess að vátryggingartaki hafi ekki gætt þess að veita honum nauðsynlega kennslu og þjálfun í að framkvæma störf sín þannig að ekki stafaði hætta af. Honum hafi verið afhent vélknúin sláttuvél til að vinna störf sín án þess að honum hafi verið veitt nauðsynleg kennsla og leiðbeiningar um notkun hennar. Hann vísar í þessu sambandi til laga nr. 46/1980 og reglugerðar nr. 431/997. Hann vekur athygli á því að Vinnueftirlit ríkisins vísi í skýrslu sinni sérstaklega til 3. gr. nefndrar reglugerðar. Óþarft er að rekja sjónarmið M í samantekt þessari.

Vinnueftirlitið telur orsök slyssins vera þá að vélbúnaðurinn hafi ekki verið notaður á þann hátt sem framleiðandi ætlast til og að líklegt sé að vélin hafi ekki verkinu þar



sem blautt grasið olli tíðum stíflum í frákaströrinu. Ekki hafi verið munur á hljóði vélarinnar hvort hnífarnir eru í gangi eða ekki en það muni sjást á gírstöng vélarinnar. Fram kemur og að starfsmaðurinn M “taldi sig stöðugt vera að losa stíflu” og að framlenging á frákaströri hafi ekki verið tengd við frákaströrið. Eftirlitið vísar til 3. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 43/1997, þar sem vikið er að almennum skyldum atvinnurekenda um að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að tæki sem starfsmönnum eru látin í té henti til þeirra verka sem vinna á.

#### **Álit.**

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að slysið megi rekja til sakar annarra starfsmanna vátryggingartaka, vanbúnaðar sláttuvélar eða ófullnægjandi verkstjórnar eða annarra atvika sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

Það var óvarlegt af M að fullvissa sig ekki um að hann hafi slökkt á vélinni eða aftengt hnífsblöðin áður en hann hóf að losa stífluna sem hafði myndast. Slysið virðist fyrst og fremst mega rekja til aðgæsluleysis M sjálfs en ekki aðstæðna sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á.

#### **Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt ábyrgðartryggingu þeirri sem hér er til umræðu.

Reykjavík 16. mars 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 23/2004

M

og

Vátryggingafélagið V h.f. v. frjálsrar ábyrgðartryggingar K ehf.

### Vinnuslys í byggingu í Kópavogi þ. 21.3.2003.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið ásamt fylgiskjali og fskj. nr. 1-10 þ. 6.2.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 20/04.
3. Bréf V ásamt fskj. nr. 1-5

#### Málsatvik.

M féll af vinnupalli og höfuðkúbubrotnaði og jafnframt brotnuðu báðir úlnliðir. M var í umrætt sinn að vinna við göt í lofti tæknirýmis fyrir væntanlega sundlaug og var við þetta upp á hjólavinnupalli. Þegar M færði sig til á pallinum fór eitt hjólið ofan í gat á gólfinu og við það féll M niður. Ekkert handrið var á pallinum. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að lýsing hafi verið næg en göt verið óvarin í gólfinu. Í lögregluskýrslu segist M hafa ýtt sér áfram á vinnupallinum með því að “rugga sér” eða notað hendurnar og ýtt á loftið og hafi hann verið að ýta vinnupallinum áfram þegar eitt af hjólum vinnupallsins hafi lent ofan í niðurfalli og pallurinn fallið og M með. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins um málið segir að orsök slyssins sé tvíþætt annars vegar að ekkert handrið sé á pallinum og síðan hafi göt verið óvarin í gólfu og það boðið upp á slyshættu. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V. og bendir á að slysið megi rekja til ólöglegs tækis og óforsvaranlegrar vinnuáðstöðu. Lögmaðurinn segir að ekki skipti máli að M hafi töluverða reynslu af rafvirkjastörfum þar sem slysið verði eingöngu rakið til ólöglegs vinnupalls sem að M hafi verið úthlutað. Af hálfu V er bótaskylda hafnað þar sem að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna, ófullnægjandi verkstjórnar, vanbúnaðar vinnupalls, aðbúnaðar á vinnustað eða annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki beri ábyrgð á. V tekur fram að ekki hafi stafað hættu af götum í gólfu og vátryggingartaki ekki haft með þau að gera, umræddur vinnupallur sé löglegur og slysið verði ekki vegna annars en þess að pallurinn hafi oltið um koll og hefði handrið á honum engu máli skipt varðandi umrætt slys. Þá segir V að M hafi mátt vera ljós sú hættu sem að fylgdi þeirri aðferð sem hann notaði við að færa pallinn til.

#### Álit.

Ágreiningslaust er með aðilum að M er rafvirki með mikla starfsreynslu. Sú aðferð sem að M notaði við að færa pallinn úr stað var varhugaverð og sú staðreynd hlaut M að vera ljós. M tók því áhættu með því að færa pallinn úr stað með þeim hætti sem hann gerði. Þá voru göt í gólfu það stór að M hlaut að sjá þau og gera sér grein fyrir því að hættu gat verið fölgin í því að eitt hjól vinnupallsins færi ofan í gat á gólfinu. M tók því áhættu sem hann ber fulla ábyrgð á og þar sem ekki hefur verið sýnt fram á saknæman vanbúnað eða annað sem felli sök á vátryggingartaka á M ekki rétt á bótum úr vátryggingu K hjá V.

#### Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vátryggingu K. hjá V.

Reykjavík 16.3. 2004.  
Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 29/2004**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.**

**Ágreiningur um fyrningu kröfu vegna líkamstjóns af völdum umferðarslyss þann 16.5.1997.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 18.2.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Sameiginleg tjónstilkynning ökumanna vegna áreksturs 16.5.1997.
4. Fimm læknisvottorð, dags. 28.3.2002 til 19.5.2003.
5. Matsgerð læknanna A og B, dags. 13.8.2003.
6. Kröfubréf lögmanns M, dags. 25.8.2003, ásamt umboði, dags. 25.3.2003.
7. Minnisblað lögmanns M, dags. 21.1.2004.
8. Bréf X, dags. 26.1.2004 og 8.3.2004.

**Málsatvik.**

Þann 16.5.1997 varð árekstur með tveimur bifreiðum í sveitarfélaginu S. M var farþegi í annarri bifreiðinni. Ekki er um það deilt að tjónið taldist bótaskylt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu annarrar bifreiðarinnar sem vátryggð var hjá Vátryggingafélaginu X. Á hinn bóginn er í máli þessu deilt um það hvort bótakrafa vegna líkamstjóns sem M hlaut í slysinu sé fyrnd skv. 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

M leitaði sama dag og slysið varð til Heilbrigðisstofnunarinnar S. Við læknisskoðun kom í ljós að hún var talsvert aum vinstra megin í hálsinum og festum í hnakka, en höfuðhreyfingar voru þó þokkalegar. Ekki var grunur um beináverka. Fékk M mjúkan hálskraga og almennar ráðleggingar og var ráðlagt að hafa samband helgina eftir, ef hún yrði ekki betri. Hún mun ekki hafa leitað aftur á Heilbrigðisstofnunina vegna einkenna af völdum slyssins, en svo virtist sem hún hafi flust frá Sauðárkróki fljótlega eftir slysið.

Í vottorði læknis á Heilsugæslustöðinni H í Reykjavík kemur fram að samkvæmt aðsendum gögnum frá Heilbrigðisstofnuninni S hafi M leitað þangað á tímabilinu 1993 til 1997 vegna sykursýki og annarra sjúkdóma, en ekki ekki vegna einkenna frá stoðkerfum að undanskilinni vitjuninni slysdaginn 16.5.1997 eins og að framan greinir. M skráði sig á Heilsugæslustöðina H á árinu 1997. Í samskiptum við lækna þar minntist hún ekki á slysið 1997 né kvartaði undan einkennum af þess völdum fyrr en þann 30.1.2003. Kvartaði hún þá um vaxandi bakverki. Hafi hún verið að vinna hjá hestaleigu aðra hvora helgi og ekki þolað lengur að ríða út eða moka undan. Átti M einnig erfitt með setur. Við skoðun var hún mjög stíf í baki, hálsi og herðavöðvum. Var hún send í sjúkrahjálfun. Í eftirliti þann 27.3.2003 kvaðst M vera betri en alls ekki góð. Rakti M einkenni þessi til slyssins 1997. Ennfremur hafði hún kvartanir um stöðuga (króníska) höfuðverki og af því tilefni notað mikið af verkjalyfjum sem hún hafi keypt í lausasölu. Einnig er haft eftir M að hún hafi kvartað undan bakverkjum í tíðu eftirliti hjá innkirtlalæknum á Landspítalanum, en þeim kvörtunum hafi ekki verið sinnt. Við skoðun var M hvellaum við þreifingu á háls og herðavöðvum en skárri í mjóðakinu.

Í matsgerð læknanna A og B kemur fram að M sé fædd og uppalinn í S, en flutti til Reykjavíkur 1997, en hún lauk stúdentsprófi það ár. Þá um sunnarið vann hún við garðyrkju í S, en ekki liggur fyrir að hún hafi misst úr vinnu í því starfi vegna slyssins. Hún hóf háskólanám 1997. Á námsárunum vann hún á sumrin, en eftir að námi lauk árið 2000 hefur

hún unnið fulla vinnu auk þess að hafa verið í fyrrgreindu aukastarfi hjá hestaleigunni um tveggja og hálfis árs skeið. Er niðurstaða matsins að M hafi við slysið hlotið nokkurn hnykkáverka á líkamann og hlotið við það fyrst og fremst hálstögnun, en hugsanlega einnig tognun í baki. Óþægindi þessi hafi allar götur frá slysinu valdið henni óþægindum með leiðni út í höfuð og útlími. Er matið var framkvæmt taldist læknismeðferð og endurhæfingartilraunum lokið og því tímabært að leggja mat á varanlegt heilsutjón M. Var álit matsmanna að M hafi verið veik þannig að hún ætti rétt á þjáningabótum í um það bil þrjá mánuði eftir slysið. Ennfremur var talið að við lok þjáningatímabilsins, eða 16.8.1997, hafi ekki verið að vænta frekari bata (stöðugleikapunktur). Varanlegur miski M af völdum slyssins var svo metinn 10% og varanleg örorka var metin 8%.

Með bréfi, dags. 25.8.2003, var bótakröfu komið á framfæri við X. X hafnaði kröfunni og bar fyrir sig að frá 16.8.1997 hafi ekki verið að vænta frekari bata vegna afleiðinga slyssins. Þegar bótakrafan var gerð hafi því meira en fjögur ár verið liðin frá lokum þess almanaksárs sem M fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Krafan sé því fyrnd samkvæmt 99. gr. ufl.

### Álit.

Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir úrskurðarnefnd verður að líta svo á að óskað sé úrskurðar um það hvort bótakrafa M hafi verið fyrnd, þegar bótakröfu var komið á framfæri við X með bréfi þann 25.8.2003

Í nokkrum dómum Hæstaréttar hefur verið skorið úr ágreiningi um fjögurra ára fyrningu skv. 99. gr. ufl. vegna líkamstjóna af völdum umferðarslysa. Má í því sambandi nefna H 1996 bls. 1152, H 13.12.2001 (mál nr. 265/2001), H 12.2.2004 (mál nr. 276/2003) og H 26.2.2004 (mál nr. 19/2003). Mál þessi eiga það sammerkt að þau varða fyrningu bóta sem rekja má til umferðarslysa sem urðu fyrir gildistöku skaðabotalaga nr. 50/1993 þann 1. júlí 1993.

Í þremur síðasttöldu málunum lágu fyrir sérstök læknisfræðileg mót á því hvenær heilsufarslegt ástand tjónþola eftir slysin var orðið stöðugt og fyrst verið tímabært að láta meta meta varanlega örorku tjónþola af völdum þeirra. Í málum þessum er m.a. um að tefla varanlegar afleiðingar af völdum hálstögnunar, þ.e. áverkum áþekktum þeim sem M býr við. Samkvæmt mötum þessum er talið að heilsufar tjónþola hafi verið orðið stöðugt og tímabært að meta varanlegar afleiðingar af völdum slyssanna um einu ári frá slysi (mál 265/2001), innan tveggja ára frá slysi (mál nr. 19/2003) og loks frá einu til þremur árum eftir slysið (mál nr. 276/2003). Í fyrsta málinu (H 1996, bls. 1152) lá fyrir mat á því að í októbermánuði réttum tveimur árum eftir slys hafi verið tímabært að meta varanlega örorku stúlku tæpra 19 ára að aldri á slysdegi. M.a. þegar litið var til aldurs stúlkunnar varð á hinn bóginn ekki fullyrt að hún eða heimilislæknir hennar hafi ekki haft ástæðu til að vænta frekari bata á því tímamarki. Í annan stað varð ekki fullyrt að örorkumati og undirbúningi kröfugerðar hefði lokið á sama almanaksári og tímabært verið að meta örorkuna. Var því talið að fjögurra ára fyrningarfrestur skv. 99. gr. ufl. hafi ekki tekið að líða fyrr en við lok næsta almanaksárs eftir að tímabært þótti að meta örorkuna.

Í máli M sem hér er til umfjöllunar liggur ekki fyrir sérstakt læknisfræðilegt mat á því hvenær heilsufar hennar var orðið stöðugt þannig að tímabært væri að meta varanlegar afleiðingar af völdum slyssins. Ekki þykir mega staðhæfa að hér skuli miða við sama tímamark og þegar heilsufar tjónþola var orðið stöðugt þannig að ekki var að vænta frekari bata í skilningi 1. mgr. 2. gr., 1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. skaðabotalaga. Í tilviki M verður að minnsta kosti ekki talið að tímabært hafi verið að meta varanlegar afleiðingar slyssins einungis þremur mánuðum eftir slysið, þegar heilsufar hennar var talið orðið stöðugt í skilningi téðra ákvæða skaðabotalaganna. Eins og málið liggur fyrir verður því ekki talið að fyrir liggi svo óbyggjandi sé hvenær M fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Að svo vöxnu, og þegar horft er til lagasjónarmiða í fyrrgreindum

hæstaréttardómum, þykir bótaréttur ekki hafa verið fallinn niður vegna fyrningar er bótakrafa var gerð fyrir hennar hönd þann 25.8.2003.

**Niðurstaða.**

Bótakrafa M vegna vegna líkamstjóns af völdum slyss 16.5.1997 var ekki fallin niður vegna fyrningar samkvæmt 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þegar krafa var gerð fyrir hennar hönd þann 25.8.2003.

Reykjavík, 25. mars 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 30/2004

M

og

Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Í

### Vinnuslys í byggingu á Keflavíkurflugvelli þ. 2.4.2002.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.2.2004. ásamt fskj. nr. 1-10
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 115/04
3. Bréf V. dags. 4.3.2004.ásamt fskj. 1-2

#### Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig að hann hafi verið við vinnu í ákveðnu húsi við að draga í rafmagn. Þegar hann og samstarfsmenn hans hættu daginn fyrir slysið drógu þeir fjöður í rafmagnsdós í eldhúsi til að það yrði tilbúið að draga rafmagnsvíra í þegar komið yrði að vinnu daginn eftir. M segir að rafmagnsdósin hafi verið í um 1.20 m. hæð. Þegar komið var að verki á slysdag þá var búið að setja gifsplötur 120 cm. X 220 m að stærð upp við vegginn þar sem fyrrgreind rafmagnsdós er og segir M í lögregluskýrslu að ekki hafi viljað betur til en svo að þegar hann tók í fjöðrina þá hafi þessi 26 plötu stæða hrunið á sig og hann dottið á gólfíð og plöturnar ofan á. M varð síðan var við verki sem ágerðust eftir því sem á daginn leið og í ljós kom að hann varð fyrir líkamstjóni. Í læknisvottorði segir í lýsingu á slysinu að M hafi rekið sig illa í staflaðar gifsplötur sem hrundu þá yfir hann og í tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlitsins segir “ M var að vinna við ídrátt – stóð við gifsplötubúnt (26. stk.) þegar þær hrundu yfir fætur hans og mjöðm (Plöturnar stóðu upp við vegg) Vitni að slysinu segir að umræddar plötur hafi verið reistar þannig upp við vegginn að mjög tæpt hafi verið á að það dytti frá veggnum og hafi M ætlað að draga ídráttarfjöður út úr dósinni þegar plötu stæðan hafi dottið ofan á hann. Tilkynnt var um slysið til Vinnueftirlits en hvorki Vinnueftirlit né lögregla voru kölluð til. Starfsmenn Í munu hafa staflað upp þeim gifsplötum sem hér ræðir um og gengið frá þeim. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu Í hjá V. og bendir á að óforsvaranlegt hafi verið að láta svo þungan stafla hvíla á tveimur spýtum við vegginn og auðvelt hefði verið að koma í veg fyrir slysið með því að stafla plötunum upp á gólfínu. Plöturnar hafi verið í eigu Í og starfsmenn Í hafi staflað þeim upp. Lögmaðurinn mótmælir því að M hafi rekið sig í plöturnar en þó svo hafi verið þá létti það ekki sök af þem sem hlóðu stæðunni. Loks bendir lögmaðurinn á reglugerð nr. 499/1994 um öryggi og hollustu á vinnustað og vísar til 7.gr. reglugerðarinnar og 2.ml. greinar 1.1. í A hluta IV.viðauka reglugerðar um aðbúnað o.fl. nr. 547/1996 og gr.2.1.í A hluta sama viðauka og gr. 14.2. í sama viðauka til stuðnings kröfu M. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ósannað sé að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna Í., ófullnægjandi frágangs byggingarefnis eða vanbúnaðar. V telur ósannað að plötunum hafi verið staflað upp með óforsvaranlegum hætti og byggir á að plötunum hafi verið staflað upp með eðlilegum hætti og ekki hafi stafað af þeim sérstök hætti við venjulega og eðlilega umgengni. V telur að töluvert átak hafi þurft til að fella niður plöturnar og hefði þetta átt að vera M og félögum hans vel ljóst. V telur að ólíklegt sé að smávægilegt átak hefði orðið til að fella stæðuna og telur V að M hafi togað í stæðuna.

**Álit.**

Hvorki Vinnueftirlit ríkisins né lögregla vor kvödd á slysstað eða til að kanna aðstæður eftir að ljóst var að M hafði orðið fyrir líkamstjóni og slysið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins sama dag og slysið varð. Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir í málinu frá Í þó að Í hafi haft öll tæk á að kanna aðstæður betur en fyrir liggur. Gera má ráð fyrir að stæða af gifsplötum sem eru 1.20 m.X 2.20 m., þeirrar hæðar sem hér ræðir um, haggist ekki sé þess gætt að raða plötunum upp með eðilegum hætti. Jafnvel þó að M hafi rekið sig eitthvað í stæðuna við verk sitt þá ætti stæða af svona stórum plötum ekki að falla niður nema röðun plátnana hafi verið ábótavant. Ekkert eftirlit virðist hafa verið viðhaft með því þegar gifsplötunum var raðað og ekkert liggur fyrir um það að þess hafi verið gætt að kanna hvort að frá stæðunni hafi verið gengið með viðunandi hætti þegar búíð var að koma henni fyrir. Í þessu efni liggja engar upplýsingar fyrir frá Í. Í hefur ekki sýnt fram á að stæðunni hafi verið hlaðið upp með þeim hætti að það væri í samræmi við ákvæði sem gilda um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Miðað við framangreindar forsendur verður ekki annað séð en að starfsmenn Í hafi bakað Í bótaábyrgð með því að gæta ekki að því að raða umræddum plötum upp með þeim hætti að ekki stafaði hætta af þeim. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 25.3. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 32/2004**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V v. ábyrgðarliðs húseigendatryggingar H**

**Slys þegar maður datt um keðju við Ármúla í Reykjavík þ. 17.12.2003.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.23.2.2004 ásamt fskj. 1-4.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 918/03
3. Lögregluskýrsla/Tjónaskýrsla dags.
4. Bréf Vátryggingafélags Íslands dags. 8.3.2004.

**Málsatvik.**

M átti leið bakvið hús í Ármúla í Reykjavík síðdegis á slysdegi og hnaut um keðju sem var ómerkt. Talsvert myrkvað var þegar slysið varð að sögn M. M segist hafa gengið rösklega en ekki verið að flýta sér eða farið óvarlega. M datt fram fyrir sig um keðjuna og bar fyrir sig báðar hendur og fékk þungt högg á höfuð og hendur. M úlniðsbrotnaði á vinstri hendi og olnbogabrotnaði á hægri hendi og sauma þurfti mörg spor í enni við vinstra auga M. Húseigandi umrædds húss H er með húseigendatryggingu hjá V. Lögmaður M krefst bóta og segir að keðja sú sem hér ræðir um sé ómerkt og lýsing á bílastæði þar sem keðjan er sé ófullnægjandi og aðstæður á vettvangi því stórhættulegar. V hafnar bótaábyrgð og segir aðstæður á vettvangi ekki hafa verið stórhættulegar og segir ekki sannað að H hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hafa ekki sjálflýsandi spjald á keðjunni eða viðhafa aðrar varúðarráðstafanir

**Álit.**

Á þeim stað þar sem slysið varð er töluverð umferð fólks og það má gera ráð fyrir því að um sé að ræða öðru hvoru umferð fólks sem þekkir ekki ítarlega til aðstæðna. Það er varhugavert að hafa ómerktar keðjur sem strengdar eru þar sem hætta er á að fólk geti gengið eins og um var að ræða í umrætt sinn. Telja verður það skyldu húseigenda að gæta þess að ekki séu slysaáhrif á stöðum þar sem að búast má við umferð gangandi vegfarenda. Þessa gætti H ekki og þykir hafa bakað sér bótaábyrgð með því að hafa eða heimila að keðja væri strengd á bílastæðinu, svo sem um var að ræða í umrætt sinn, án þess að vakin væri með nokkrum hætti athygli á því að keðjan væri þarna. Nefndin kannaði vettvang.

**Niðurstaða.**

Tjón M er bótaskyld úr tryggingu H hjá V.

Reykjavík 25.3. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 46/2004**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar sundlaugareiganda.**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss í sundlaug þann 14.4.2001.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16.3.2004 ásamt fylgiskjölum nr. 1-14.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Bréf X, dags. 5.4.2004, ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.

**Málsatvik.**

M var í barnasundlaug innandyra í sundlaug ásamt þriggja ára gömlu barni. Í lauginni var svokallaður “pvc” gúmmíhringur ætlaður til leikja fyrir börn. Lýsti barnið áhuga á að sitja á einum slíkum hring. Settist þá M upp á hringinn og ætlaði að ná jafnvægi á honum, þar sem henni þótti hann óstöðugur. Við það missti hún jafnvægið og féll aftur fyrir sig ofan í laugina og skall höfuð hennar í botn laugarinnar. Dýpt laugarinnar mun vera á bilinu 70-90 cm. Við slysið hlaut M tognun á hálsi og hefur verið metin til 5% varanlegs miska og 5% varanlegrar örorku.

S á og rekur sundlaugina, þar sem slysið varð. M hefur krafði krafði S um bætur vegna slyssins. Telur hún eftirlit með búnaði, sem er til afnota fyrir sundgesti, hafa brugðist jafnframt sem skort hafi leiðbeiningar um notkun hringsins og hugsanlega hættueiginleika hans. Einnig vísar M til 8. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og markaðsgæslu, en í ákvæði þessu segir að örugg vara merki sérhverja vöru sem við eðlilega eða fyrirsjáanlega notkun teljist vera án sérstakrar áhættu fyrir einstaklinga og eignir þeirra eða áhættan sé í lágmarki miðað við eðlilega notkun vörunnar enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Þá er vísað til gr. 2.3 í reglum settum af menntamálaráðuneytinu í janúar 1999 um að starfsmenn sundlauga þurfi m.a. að hafa góðar gætur á notkun flotleikfanga.

**Álit.**

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hringinn, svo sem um ytra og innra þvermál hans. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að hringurinn fullnægi ekki almennum kröfum um öryggi til verndar heilsu. Fullorðinn einstaklingur átti að gera sér grein fyrir hættu sem stafað gat af því að setjast upp á hring eins og hér um ræðir í grunnri sundlaug. Engin bein fyrirmæli eru fyrir hendi sem mæla fyrir um að starfsmönnum S hafi borið að banna fullorðnum að leika sér með hringinn í barnalauginni. Starfsfólkið mátti treysta því að fullorðnir myndu taka mið af aðstæðum við notkun hringsins. Að öllu athuguðu hefur í málinu ekki verið sýnt fram á að hringurinn hafi verið haldinn ágalla eða að slysið verði rakið vangæslu starfsmanna eða annarra atvika sem S sem eigandi og rekstraraðili sundlaugarinnar ber ábyrgð á. Ber S af þeim sökum ekki ábyrgð á líkamstjóni M.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 13. apríl 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 50/2004

M  
og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar baðstaðar.

Ágreiningur um réttarstöðu vegna slyss sem M varð fyrir  
er hún hrasaði þann 30.06. 2002.

### Gögn.

1. Málskot móttakið 18.03. 2004, ásamt fylgiskjölum 1 – 12.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.04. 2004, ásamt fylgiskjölum.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 182/2004.

### Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega í þessari samantekt.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi, “m.a. þar sem fyrirbyggjandi aðgerðum vegna hálkumyndunar var verulega ábótavant, engin aðvörunarskilti voru á þeim stað er hún slasaðist, svo og hefur yfirborðsefni á tréplönkum verið breytt eftir slysið sem bendir til þess að” baðstaðurinn hafi metið fyrra yfirborðsefni hættulegt.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að baðgestum geti “varla dulist að varlega verður að fara”. Gestir verði að gæta sín. Það telur að vátryggingartaki hafi viðhaft “tiltækar ráðstafanir til að auka öryggi á svæðinu eins og unnt er...” M.a. sé ljóst að samráð er haft við heilbrigðiseftirlitið um val á yfirborðsefnum í samræmi við þá reynslu sem skapast hefur.

Í bréfi félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 01.03. 2004, lætur félagið þess m.a. getið að M hafi ekki “tilkynnt um óhappið fyrr en með símtali til starfsmanns vátryggingartaka tæpum 2 mánuðum síðar og liggur því ekkert fyrir sem staðfestir frásögn tjónþola um að atburðurinn hafi átt sér stað, á hvaða stað og með hvaða hætti...” Félagið lætur þess og getið að M muni margoft hafa komið í líonið áður og því þekkt til aðstæðna og “farið varlega vegna háلكu...”

### Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er bótaábyrgð ekki fyrir hendi vegna þeirra meiðsla sem M hlaut er hún rann til í háلكu og/eða bleytu á trégöngustíg sem liggur úr lóninu í átt að gufubaði þar skammt frá. Ekki verður ráðið að slysið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna vátryggingartaka, ófullnægjandi merkinga eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Þá kröfu verður að gera til gesta á sundstöðum og baðstöðum að þeir fari varlega því alíkunna er að háلكa getur myndast vegna bleytu sem gjarnan er.

### Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 13. apríl 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 62/2004**

**M**

**og**

**V h.f. v. lausafjártryggingar M**

**Ágreiningur um bótauppgjör vegna innbrots þ. 10.2.2003.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ.29.3.2004.ásamt fskj. 1-5
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.
3. Lögregluskýrsla dags. 10.2.2003.
4. Bréf M dags. 14.5.,21.5., 3.10., 7.11., 8.12.2003 og 19.2.,11.3.,24.3. og 15.4.2004.
5. Bréf Fjármálaeftirlitsins dags. 29.9.,9.10., 10.11.,30.12. 2003.
6. Bréf Tryggingaþjónustunnar dags. 21.10., 20.11.,22.12.2003 og 4.2.,4.3., 18.3. 2004.

**Málsatvik.**

Brotist var inn í verslun M og stolið þaðan vörum. M krafðist bóta úr tryggingu sinni hjá V og taldi tjón sitt nema kr. 776.200.-. V greiddi kr. 388.101 og taldi það fullnaðarbætur en þar var um 50% bætur að ræða. V taldi miðað við lagerstöðu að vörulager í verslun M væri a.m.k. helmingi verðmeiri en það sem tryggt var fyrir hér væri því um undirtryggingu að ræða og bótauppgjör ætti að vera í samræmi við það. Þessu mótmælti M og leitaði m.a. til Tryggingaþjónustunnar og var málinu vísað til Fjármálaeftirlitsins sem benti á að viðkomandi ágreiningsefni heyrði ekki undir Fjármálaeftirlitið. Með bréfi Tryggingaþjónustunnar ehf. dags. 4. mars 2004 fylgdi ársreikningur M en einnig koma fram í bréfinu útreikningur og sjónarmið M vegna kröfu hans um að hann eigi rétt á fullum bótum. Með bréfi dags. 24.3.2004. samþykkir V að greiða M fullar bætur og taldi sig þá hafa fengið fullnægjandi upplýsingar sem leiddu til þess að réttmætt væri að greiða fullar bætur til M. M krafðist þess að greiddir yrðu dráttarvextir af því sem vangreitt hafði verið frá því að tjónið varð til greiðsludags og að V greiddi kostnað M við að reka málið. V féllst á að greiða kostnað M en hafnaði kröfu um að greiða dráttarvexti frá tjónsdegi.

**Álit.**

Ágreiningur í máli þessu varðar bótafjárhæð nánar tiltekið kröfu M um greiðslu dráttarvaxta og er samþykkt af hálfu V að sá ágreiningur skuli borinn undir Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að M hafi komið fullnægjandi gögnum til V um mat á heildarvátryggingaverðmæti M fyrr en með bréfi dags. 4.3.s.l. og meðfylgjandi ársreikningi. V hafði því ástæðu til að greiða ekki fullnaðarbætur til M fyrr en að gögnin bárust félaginu þ. 4.3. s.l. M á því ekki rétt til að fá greidda dráttarvexti af því sem ógreitt var fyrr en eftir þann tíma og vísast í því sambandi til 3.mgr. 5.gr. l. nr.38/2001 um vexti og verðtryggingu.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á að fá greidda dráttarvexti úr hendi V.

Reykjavík 11.5. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 64/2004**

**M**

**og**

**Váryggingafélagið X v/ sjúklingatryggingar.**

**Ágreiningur um rétt til miskabóta samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum úr sjúklingatryggingu.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 1.4.2004 ásamt greinargerð dags. 26.3.2004..
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Upplýsingabæklingur.
4. Álitsgerð landlæknisembættisins ásamt fylgibréfi, dags. 30.10.2002.
5. Greinargerð sálfræðings, dags. 4.2.2003.
6. Tilkynning M til X um tjónsatvikið, dags. 6.8.2002.
7. Umboð, dags. 9.8.2002.
8. Bréf lögmanns M, dags. 27.10.2002, 14.4.2003, 12.6.2003 og 16.2.2004.
9. Bréf X, dags. 29.11.2002, 13.6.2003, 23.2.2004 og 15.4.2004.

**Málsatvik.**

Þann 18. september 2001 mun M hafa leitað til L kvensjúkdómalæknis til að athuga að fá hormónastaf af tiltekinni tegund sem getnaðarvörn í stað pillunnar. Hún kveðst hafa spurt L hvort innsetning á slíkum staf væri einföld og hættulaus og hafi L staðfest að svo sé. Hún hafi einnig spurt L hvort hún hafi áður framkvæmt slíka lækniáðgerð og hann staðfest það. Þann 16. október kom M aftur á stofu til L og var þá hormónastafur þræddur undir húð í vinstri upphandlegg M. L ráðlagði M að treysta ekki á stafinn sem getnaðarvörn fyrir en eftir a.m.k. tvær vikur.

Þann 19. nóvember 2001 leitaði M til heimilislæknis vegna þráláttra verkja í legi dagana á undan. Að ráði heimilislæknisins hafði M samband við L. Þann 21. nóvember fór M til skoðunar hjá L og sama dag var staðfest að M væri þunguð. M afréð að gangast undir fóstureyðingu sem hún gekkst undir þann 5. desember.

Í fyrstu viku janúar 2002 hafði L samband við M og tjáði henni að samkvæmt símtali við innflytjanda lyfsins gæti verið að hormónastafurinn hafi verið rangt settur í eða alls ekki farið úr sprautuhylkinu og sé þar af leiðandi alls ekki víst að hann væri í handleggnum. Samdægurs fór M til skoðunar hjá L sem mun hafa framkvæmt sónarskoðun á handleggnum og þreifað eftir stafnum, en hvergi fundið. Síðar í sama mánuði var tekin blóðprufa til rannsóknar á hormónamagni. Niðurstaða þeirrar rannsóknar var sú að hormónastafnum virtist ekki hafa verið komið rétt fyrir í handleggnum í október 2001. Sama dag var nýjum staf komið fyrir í handlegg M.

Í álitsgerð landlæknisembættisins er getið um greinargerð sem L sendi í tilefni af kvörtun M til embættisins. Eru í álitsgerðinni rakin helstu efnisatriði í greinargerð L. Þar kemur fram að L hafi komið stafnum fyrir í handlegg M án þess að verða var við nein vandræði. Taldi L sig hafa þreifað á stafnum í handleggnum eftir á. Kvað L það hafa verið strax eftir að þrædd hafði verið gróf nál undir húðina og M sé frekar þykk. Hins vegar kvaðst L ekki hafa mikla reynslu af þessu. Um það leyti sem í ljós kom að M var þunguð og hún gekkst undir fóstureyðingu kvað L sig ekki hafa grunað að stafurinn væri ekki á sínum stað, heldur að hann hafi ekki verið orðinn fullvirkur sem getnaðarvörn þegar M varð þunguð. Síðar hafi L svo heyrt dæmi þess að innsetning stafsins hafi farið úrskaiðis, “þar sem talið var að stafurinn hefði runnið úr nálinni áður en nálin var þrædd í.” Við þetta vaknaði grunur hjá L að þetta gæti hafa gerst við innsetningu stafsins hjá M eins og kom á daginn. Kvað L augljóst að innsetning á hormónastafnum 16 október 2001 hafi mistekist og stafurinn ekki komist á sinn stað. Hafi L svo notað sömu tækni við uppsetningu stafsins í febrúar 2002, en fylgst þá betur með, þar sem hann hafi ekki gert sér grein fyrir að hann gæti verið svo laus í.

Í upplýsingabæklingi um hormónastafinn, sem umboðs- og dreifingaraðili hefur að líkindum útbúið, segir að aðeins þeir læknar, sem hafa reynslu af að setja stafinn inn og fjarlægja hann, ættu að gera það. Er konum ráðlagt að spyrja lækni sem þær leita til, hvort hann hafi reynslu af þessari tækni. Ef svo er ekki skulu þær snúa sér til annars læknis sem hafi reynslu.

M varð fyrir andlegu áfalli eftir þær raunir sem hún lenti í og lýst hefur verið hér að framan. Leitaði hún sálfræðings í ágúst mánuði 2002 og kom í níu viðtöl til hans fram í desember sama ár. Í greinargerð sálfræðingsins kemur fram að M hafi verið að jafna sig eftir áfallið er hún leitaði til hans. Hún hafi sýnt þunglyndishegðun, sem hafi komið fram í áhugaleysi, leiða og svefntruflunum. Hugsanir tengdar áfallinu hafi sótt á hana. Áfallið hafi einnig haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd hennar, hún varð sjálfsgagnrýnin og kjarklaus gagnvart verkefnum sem áður höfðu reynst henni auðveld. Eftir meðferðina líði henni betur og hún hafi endurheimt að miklu leyti fyrri líðan, frumkvæði og félagslyndi. Þó komi dagar sem á hana sækja hugsanir varðandi fóstureyðinguna og það sem gerðist.

L hafði keypt sjúklingatryggingu, sbr. lög nr. 111/2000, hjá Vátryggingafélaginu X vegna starfa síns. M krafðist bóta úr sjúklingatryggingu L, þ. á m. vegna útlagðs kostnaðar og miskabóta samkvæmt a. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. X hefur hafnað kröfu M um miskabætur þar sem félagið telur að hún hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni af völdum stórkostlegs gáleysis L sem sé skilyrði þess að M eigi rétt til miskabóta samkvæmt téðri lagagrein.

#### **Álit.**

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999 um breyting á þeim, er heimilt að láta þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni greiða miskabætur til þess sem misgert er við.

L er lækni að mennt og sérfræðingur í kvensjúkdómum. Honum urðu á mistök er hann hugðist setja hormónastafinn í handlegg M þannig að stafurinn fór aldrei í handlegg hennar eins og til var ætlast. Þá taldi hann sig hafa þreifað fyrir stafnum í handleggnum eftir að hann átti að hafa komið honum þar fyrir. Raunin var engu að síður að þar var enginn stafur. L hafði ekki mikla reynslu af lækniáðgerðum eins og hér um ræðir og bar af þeim sökum að gæta þess sérstaklega og vera þess fullviss að áðgerðin hafi tekist eins og til var ætlast. Af gögnum málsins verður að telja ljóst að alvarlegur misbrestur hafi orðið við lækniáðgerðina sem leiddi til óvæntrar þungunar og fóstureyðingar. Í kjölfar þess átti M við þunglyndi að stríða um nokkurt skeið. Að þessu virtu verður að telja að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum stórkostlegs gáleysis L við lækniáðgerðina. Hún telst því eiga rétt á miskabótum samkvæmt a. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem greiðist úr sjúklingatryggingu L, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 111/2000.

#### **Niðurstaða.**

M á rétt á miskabótum skv. a. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum.

Reykjavík, 11. maí 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 80/2004

### M og Vátryggingafélagið V

### Ágreiningur um bótaskyldu vegna “slyss”.

#### Gögn.

1. Málskot mótttekið 26.04.2004
2. Tilkynning um slys dags. 17.02.2004.
3. Bréf V hf. dags. 18.03.2004.
4. Áverkavottorð dags. 09.03.2004.
5. Bréf V hf. dags. 19.03.2004.
6. Tilkynning um slys ásamt skýringum dags. 22.03.2004.
7. Bréf lögmanns málskotsaðila til Tjónanefndar vátryggingafélaganna dags. 29.03.2004.
8. Bréf V hf. til Tjónanefndar vátryggingafélaganna dags. 29.03.2004.
9. Ódagsett skýrsla vitnis.
10. Bréf sambúðarkonu málskotsaðila dags. 13.04.2004.
11. Bréf V hf. til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum dags. 10.05.2004.
12. Skilmálar fyrir slysatryggingar og afrit vátryggingaskírteinis.
13. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 292/2004.

#### Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kveðst málskotsaðili(M) hafa fallið af vinnupalli við vinnu sína og ástæða þess hafi verið svimakast og á grundvelli þess hafnaði V hf. bótaskyldu þar sem ekki væri um að ræða slys í merkingu skilmála. Í tjónstilkynningu dags. 22.03.2004 gefur M frekari skýringar og kveðst hafa fallið af pallinum. Hann hafi ekki fyllt út fyrri skýrslu og undirritað hana undir áhrifum sterkra verkjalyfja. Í bréfi lögmanns M dags. 29.03.2004 kemur fram að M muni ekki aðdraganda slyssins. Í skýrslu vitnis kemur fram að það hafi séð M stíga út af vinnupallinum. V fellst ekki á eftirfarandi skýringar M á málsatvikum. Með tilvísun til ákvæða skilmála um uppsagnarrétt V var vátryggingunni sagt upp með bréfi dags. 19.03.2004

#### Álit.

Ljóst er að M fyllti ekki út tjónstilkynningu dags. 17.02.2004 en undirritun hans er á tilkynningunni. Af skýrslu vitnis má ótvírátt ráða að M hafi stigið út af pallinum og með hliðsjón af þessum framburði og síðari skýringum M og lögmanns hans er fallist á að leggja verði til grundvallar í málinu að M hafi stigið út af pallinum. Atvikið, eins og því er lýst í síðari skýringum, fellur innan slyshugtaksins. Þarf því ekki að taka afstöðu til þess hvort slys af völdum svimakasts falli undir slyshugtakið. Með hliðsjón af starfsreglum Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum er ekki tekin afstaða til uppsagnar V.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er fyrir hendi úr slysatryggingu M.

Reykjavík 2. júní 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hrl.

**Mál nr. 117/2004**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X hf.**

**Ágreiningur um greiðslu bóta fyrir tímabundið atvinnutjón af völdum umferðarslyss.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10.6.2004.
2. Þrjú læknisvottorð, dags. 21.10.2003, 24.10.2003 og 10.2.2004.
3. Skattframtal 2003.
4. Launaseðlar fyrir júní-, júlí-, ágúst- og septembermánuði 2003.
5. Sundurliðun á staðgreiðslu opinberra gjalda fyrir mánuðina júlí til september 2003.
6. Yfirlýsing G ehf., dags. 17.11.2003.
7. Tvö bréf Tryggingastofnunar ríkisins til málskotsaðila, dags. 23.10.2003 og 10.3.2004.
8. Útskrift úr hlutafélagaskrá vegna G ehf.
9. Bréf lögmanns málskotsaðila, dags. 22.3.2004.
10. Bréf X, dags. 19.4.2004, 2.6.2004 13.7.2004 og 11.8.2004.
11. Bréf Fjármálaeftirlitsins, dags. 26.4.2004 og 30.4.2004.

**Málsatvik.**

Þann 18.9.2003 hlaut M tognunaráverka á háls- og mjóhrygg í umferðarslysi. Ekki er um það deilt að líkamstjón hennar skuli bætt af Vátryggingafélaginu X hf. M var barnshafandi, þegar slysið varð, og ól hún barn sitt tólf dögum síðar, eða 30.9.2003. M sótti um hámarks fæðingarorlof til Tryggingastofnunar ríkisins (TR). Umsókn M um greiðslur úr Fæðingarorlofsjóri var hafnað, en þess í stað var henni greiddur fæðingarstyrkur. Ástæða synjunarinnar var sú að M fullnægði ekki skilyrðum 1. mgr. 13. gr. laga nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof um að hafa verið samfelld sex mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir upphafsdags fæðingarorlofs.

Fyrir liggja handskrifaðir og ódagsettir launaseðlar um að í júní 2003 hafi M haft í laun hjá G ehf. kr. 328.660, kr. 330.400 í júlí, kr. 341.220 í ágúst og kr. 341.220 í september sama árs. Skilgrein staðgreiðslu tekjuskatts vegna þessara launa fyrir mánuðina júlí, ágúst og september var móttekin hjá sýslumanni þann 3.3.2004. Samkvæmt skattframtali 2003 hafði M engar vinnutekjur á árinu 2002. Samkvæmt yfirlýsingu G, dags. 17.11.2003, hugðist M halda áfram við störf hjá fyrirtækinu “strax eftir fæðingu.” En í ljósi umferðarslyssins hafi hún verið talin óvinnufær um óákveðinn tíma.

Með bréfi lögmanns M til X, dags. 22.3.2004, var krafist bóta fyrir tímabundið atvinnutjón og byggði krafan m.a. á fyrrgreindum launaseðlum frá G. X hafnaði því að greiða M bætur fyrir tímabundið atvinnutjón sem byggðust á launaseðlum eða yfirlýsingu G frá 19.11.2003.

**Álit.**

Eins og mál þetta hefur verið lagt fyrir úrskurðarnefnd er hér einungis til úrlausnar hvort M geti kafið X um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón á grundvelli fyrirliggjandi launaseðla frá G vegna mánaðanna júní til september 2003 eða yfirlýsingar G frá 19.11.2003.

Samkvæmt gögnum málsins er upplýst að barnsfaðir M er stjórnarmaður, framkvæmdastjóri og prókúruhafi fyrir G. Þá er M varamaður stjórnar. Starfsemi G er smábátaútgerð. Ekkert liggur fyrir hvaða störfum M gegndi hjá G mánuðina fyrir slysið. Þá liggja engin gögn fyrir sem sýna fram á með ótvíráðum hætti að G hafi greitt M þau laun, sem tilgreind eru á launaseðlum eða á þeim tíma sem seðlarnir segja til um. Skilgreinum vegna staðgreiðslu



af laununum var skilað til innheimtumanns ríkissjóðs fimm til átta mánuðum eftir að einstökum launatímabilum lauk. Að þessu virtu verður ekki talið að gögn þau sem M byggir kröfur sínar á og mál þetta snýst um, séu fullnægjandi sönnunargögn um tekjutap hennar af völdum umfeðarslyssins. Við svo búið verður að fallast á það með X að M geti ekki reist kröfur sínar um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón á umræddum gögnum.

**Niðurstaða.**

Krafa M á hendur X um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón verður ekki byggð á fyrirliggjandi launaseðlum frá G ehf. fyrir mánuðina júní til september 2003 eða yfirlýsingu fyrirtækisins frá 19.11.2003.

Reykjavík, 17. ágúst 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

**Mál nr. 135/2004**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X hf.**

**Ágreiningur um bætur úr farmtryggingu.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20.7.2004 ásamt fylgiskjölum nr. 1 til 6.
2. Bréf X, dags. 6.8.2004.

**Málsatvik.**

Þann 15.10.2003 fékk M sendan til sín vörugám sem m.a. hafði að geyma snyrtivörur frá Frakklandi. M hafði tryggt vörurnar hjá Vátryggingafélaginu X samkvæmt tilteknum farmtryggingarskilmálum. Seinni hluta nóvembermánaðar, þegar tæmt var úr gánum, kom í ljós að vörur vantaði sem þar áttu að vera. M hefur af þessum sökum krafist bóta úr farmtryggingunni. X hefur á hinn bóginn hafnað kröfunni og borið fyrir sig að gámurinn hafi verið tæmdur svo seint að endurkrafa á hendur farmflytjanda hafi fallið niður skv. 71. gr. siglingalaga nr. 34/1985, en skv. b) lið 16. gr. skilmálanna hafi M borið að tryggja að allur réttur gagnvart farmflytjanda haldist.

**Álit.**

Samkvæmt 1. gr. þeirra farmtryggingarskilmála, sem til skoðunar eru í máli þessu, bætir vátryggingin allt tap eða skemmdir á hinu vátryggða, þó með þeim undantekningum sem nánar segir í 4., 5., 6. og 7. gr. skilmálanna. Ekki verður séð að X beri fyrir sig að M hafi ekki orðið fyrir því tjóni sem deilt er um eða tjónið sé ekki bótaskyldt með vísan til einhverra þeirra undanþáguákvæða sem er að finna í 4. til 7. gr. skilmálanna. Samkvæmt fyrrgreindu ákvæði í b) lið 16. gr. skilmálanna ber m.a. vátryggðum að tryggja að allur réttur gagnvart farmflytjanda haldist og verði beitt, þegar hætta er á að bótaskyldt tjón verði eða eftir að tjón hefur orðið. Skýra ber ákvæði þetta í samræmi við 52. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga um að félagið ábyrgist ekki tjón sem vátryggður verður fyrir, ef hann vanrækir af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi þá skyldu sína að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslukröfur félagsins þar til félagið getur gætt hagsmuna sinna sjálft og fara eftir fyrirmælum félagsins í þessu efni eftir því sem honum er unnt. Ekki hefur verið sýnt fram á að endurkrafa hafi stofnast á hendur farmflytjanda vegna hins umdeilda tjóns eða að hugsanleg endurkrafa hafi fallið niður af völdum ásetnings eða stórkostlegs gáleysis M. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki hjá því komist að telja tjónið bótaskyldt úr farmtryggingunni.

**Niðurstaða.**

Tjón M er bótaskyldt úr farmtryggingu hjá X.

Reykjavík, 17. ágúst 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 137/2004

M

og

### Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

#### Krafa um endurgreiðslu orlofsferðar v. meints ferðarofs vegna umferðaróhapps þ. 2.8.2003.

##### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.7.2003. ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 283/04.
3. Bréf M dags. 18.9.2003 og 19.8.2004.
4. Bréf V. dags. 30.3. 2004, 30.9. 2003 og 12.8.2004.
5. Bréf úrskurðarnefndar til M, dags. 17.8. 2004.

##### Málsatvik.

Á vegum M komu 28 ferðamenn til landsins frá Tékkóslóvakíu þ.2.8.2003 og var á leið frá Keflavíkurflugvelli áleiðis norður í land þegar fólksflutningabifreið sem flutti hópinn lenti í umferðaróhappi og valt með þeim afleiðingum að 5 ferðamenn slösuðust illa og 11 ferðamenn slösuðust nokkuð skv. lögregluskýrslu. M heldur því fram að 10 ferðamenn hafi slasast það illa að þeir hafi ekki átt þess kost að halda ferðinni áfram og hafi því haldið til síns heima ásamt aðstandendum sínum alls 15 manns. M tók þá ákvörðun að endurgreiða ferðakostnað þeim ferðamönnum sem ekki gátu haldið för sinni áfram og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. vegna þeirrar endurgreiðslu. Í bréfi frá M segir að M hafi ákveðið að endurgreiða þeim hluta hópsins sem ekki gat haldið ferð sinni áfram ferðarofskostnað sem er nánar tilgreindur og til hvað margra einstaklinga. V hafnar bótaskyldu og bendir á að endurgreiðsla M byggi á lagafyrirmælum, samningi eða viðskiptalegum sjónarmiðum en ekki skaðabótarétti utan samninga og því sé krafa M ekki sjálfstæð krafa heldur framkrafa sem alfarið sé leidd af því tjóni sem að farþegarnir hafi orðið fyrir og því geti M ekki eignast bótarétt á hendur V sem að farþegarnir sjálfir hefðu átt. Þá telur V að ekki sé um eiginlegt fjárhagslegt tjón að ræða heldur einhvers konar tilfinningalegt tjón eða miska þ.e. “brostnar væntingar”. Þá bendir V á að auk heldur hafi tiltekinn kostnaður sparast með því að yfirgefa landið fyrr en ætlað var. Þá heldur V. því fram að ekkert orsakasamband sé á milli slyssins og þess kostnaðar sem að ferðamennirnir höfðu lagt út vegna ferðarinnar áður en hún hófst. Útgjöldin vegna ferðarinnar hafi því alfarið verið óháð slysinu og hafi ekki orsakast af því. Þá bendir V á að tjón farþeganna af því að missa af ferðinni teljist ekki sennileg afleiðing af notkun A.

##### Álit.

Af hálfu V er ekki gerð athugasemd við að 10 farþegar og 4 aðstendur þeirra alls 15 manns hafi ekki átt þess kost eftir slysið að halda ferð sinni áfram svo sem fyrirhugað var. Ágreiningslaust er því að ferðarof þeirra 15 ferðamanna sem hér um ræðir verður vegna umferðarslyssins þegar A valt. Skv. ákvæðum 13. gr. laga um Alferðir á farkaupi rétt á bótum verði hann fyrir meiðslum eða eignatjóni vegna þess að alferð er ófullnægjandi nema því aðeins að vanefnd á framkvæmd samnings verði ekki rakin til vanrækslu seljanda eða annars þjónustuaðila. Í því sambandi er í nefndri 13. gr. vísað sérstaklega til sakar þriðja aðila sem ekki tengist þeirri þjónustu sem samið er um. Í því máli sem hér um ræðir liggur fyrir að A er þjónustuaðili í sambandi við ferðina og það tjón sem umræddur þjónustuaðili veldur eða verður af hans völdum er bótaskyld skv. lögum um alferðir. Ferðamennirnir sem þurftu að

hætta við ferðina áttu því rétt á bótum frá ferðaheildsala í þessu tilviki M vegna tjóns sem þeir höfðu orðið fyrir vegna umferðaróhapps V. M varð því fyrir tjóni vegna umferðaróhappsins og ekki verður annað séð en ferðmennirnir 15 sem þurftu að hætta við ferðina hefðu átt lögvarða kröfu á hendur M vegna þess tjóns sem þeir urðu fyrir vegna ferðarofsins. Af gefnu tilefni ber að taka það fram að sá sem keypt hefur ákveðna þjónustu verður fyrir tjóni fái kaupandinn ekki notið þjónustunar og þegar um ferðarof er að ræða er lítið á það sem fjárhagslegt tjón óháð því hvort ferðamaðurinn muni nokkurn tíma síðar huga á sams konar ferð eða ekki. Ljóst er að orsakasamband er á milli umferðaróhappsins og tjóns ferðamannanna 15 vegna ferðarofs. Hefði umferðaróhappið ekki komið til hefðu umræddir ferðamenn haldið för sinni áfram svo sem fyrirfram hafði verið ráðgert. Skv. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess og svo sem nánar er rakið í nefndri lagagrein. Það tjón sem að ferðamennirnir urðu fyrir og máttu sækja til M skv. lögum um alferðir var því afleiðing af tjóni sem hlaust vegna notkunar A og er því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A sbr. 88.gr. 1. nr. 50/1987.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 31.8. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 149/2004

M

og

### Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar fyrirtækisins O

### Vinnuslys þegar starfsmaður slasast við að reyna að setjast upp í gjaldkerastól þann 2. apríl 2003.

#### Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 17.8.2004. ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 537/2004.
3. Lögregluskýrsla/Tjónaskýrsla dags.
4. Bréf vátryggingafélagsins, dags. 30.6. og 31.8. 2004.

#### Málsatvik.

Skv. skýrslu Vinnueftirlits ríkisins hafði M ætlað að setjast upp í svokallaðan gjaldkerastól þegar hún var við vinnu sína hjá O og skv. upplýsingum lögreglu þá virðist sem að stóllinn hafi runnið undan M og hún fallið í flísalagt gólf með þeim afleiðingum að hún slasaðist. Sérstök hvíldargrind er á stólum sem þessum og í skýrslu Vinnueftirlitsins segir að svo virðist sem starfsmenn noti þess grind þegar sest er upp í stóla sem þessa en þessi grind sé tvískipt og skv. upplýsingum stöðvarstjóra á staðnum sem M vann þá hafði annar hluti grindarinnar eða helmingur hennar verið fjarlægður fyrir nokkrum mánuðum vegna bilunar. Vinnueftirlitið telur að aðal orsök slyssins sé að annan hluta hvíldargrindar vanti en starfsmenn noti grindina þegar sest sé upp í stóllinn. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu O hjá V. og byggir kröfur sínar á að um saknæmt athafnaleysi O sé að ræða þar sem ekki hafi verið tryggt að útbúnaður gjaldkerastóls þess sem hér ræðir um væri fullnægjandi. Af hálfu M er vísað til 20-23 gr. og 37.gr. l. nr. 46/1980 og reglugerð nr. 431/1997. Bent er á af hálfu lögmanns M að umtalsverð hætta gat verið samfara notkun gjaldkerastóla eins og þess sem um ræðir og því skylda O að hafa allan öryggisbúnað í lagi þá er bent á niðurstöðu Vinnueftirlits ríkisins og því haldið fram að vanræksla O á að tryggja öryggi starfsmanna sinna þ.m.t. M sé saknæm og hafi valdið slysi því sem M varð fyrir. Af hálfu V er bent á að hættueiginleikar umrædds gjaldkerastóls séu takmarkaðir og því mótmælt að hættueiginleikar séu fyrir hendi hvað varðar stóllinn og notkun hans. Bent er á af hálfu V að hvíldarslá sem var á stólnum hefði verið fjarlægð af helmingi stólsins mörgum mánuðum fyrir slysið og hefði starfsmönnum gengið vel að nota stóllinn fram að slysinu og ekki hefði verið kvartað yfir honum og hafi verkstjóri ekki haft ástæðu til að ætla að stóllinn væri hættulegur. V mótmælir því að slá sú sem vantaði á stóllinn hafi átt minnsta þátt í slysinu og ekki orsakatengsl á milli meints vanbúnaðar á stólum og slyssins og á engan hátt hægt að telja að slysið hafi verið sennilega afleiðing meints vanbúnaðar. Loks bendir V á að M hafi unnið í nokkurn tíma hjá O og stóllinn hafi verið búinn að vera með hálfri hvíldargrind í nokkra mánuði og því hafi aðstæður ekki verið framandi M slysið hafi því orðið þar sem að M hafi ekki gáð að sér.

#### Álit.

M hafði starfað hjá O um nokkurt skeið og stóll sá sem um ræðir var búinn að vera með hálfri hvíldargrind um nokkurra mánaða skeið. M voru því kunnar aðstæður. Ekki verður séð að umræddur stóll sé vanbúinn þó að hálfu hvíldargrindina vanti á hann. Afgreiðslufólki hjá O

mátti og átti að vera ljóst með hvaða hætti setjast þurfti upp í stólinn og vandséð er að um hættueiginleika stólsins sé um að ræða ef gætt er eðlilegrar varkárni við að setjast í hann. Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn O hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða á annan hátt orðið valdir af því slysi sem hér ræðir um. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O hjá V.

Reykjavík 21.9.2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 154/2004**

**M, eigandi hross  
og  
Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar B**

**Umferðaróhapp er ekið var á hross á Norðurlandsvegi Akrahreppi þann 25.01. 2003.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 20.08. 2004, ásamt fylgiskjölum merktum 1 – 7 þ. á m. skýrsla lögreglu..
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.09. 2004.
3. Bréf eiganda B sem var farþegi í bifreiðinni.
4. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 284/2004.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var að reka 16 hross í umrætt sinn, eitt þeirra varð fyrir bifreiðinni. Hann telur að rekja megi óhappið til þess hvernig bifreiðinni var ekið en ekki til þess hvernig staðið var að hrossarekstrinum.

Ökumaður bifreiðarinnar var á leiðinni frá Akureyri til Sauðárkróks. Lögreglan getur þess að hann hafi sagt fátt á vettvangi og ”tjáði sig ekkert um ákeyrsluna né reksturinn”. Viðkomandi er erlendur aðili. Ísing var á vegi þegar óhappið varð. Lögreglan hefur eftir M að hann hafi verið á heimleið með 16 hross í rekstri. Bifreiðin hafi lent á ”síðasta hrossinu í rekstrinum” sbr. nánar skýrslu lögreglu.

Eigandi bifreiðarinnar, sem var farþegi í bifreiðinni, lætur þess getið í yfirlýsingu m.a. að hálka hafi verið á veginum. Bifreiðinni hafi verið ekið eftir veginum undir Blönduhlíð og þá hafi komið á ”móti okkur hrossahópur, bílstjórinn hægði vel á og er við nálguðumst hópinn voru öll hrossin nema tvö hægra megin á veginum, hin tvö voru vinstra megin, annað á veginum, laust en hitt utan vegar og var reiðmaður á því...Bílstjórinn færði því bílinn vinstra meira vinstra megin á veginn og er við nálguðumst það hross sem var enn vinstra megin stökk það í skyndi fyrir bílinn og lenti á vinstra honri hans.” Hann kveðst vekja athygli á því að um rekstur hafi verið að ræða og að enginn, hvorki bifreið né reiðmaður hafi farið fyrir hópnum. Bifreiðin hafi ekki verið á mikilli ferð. Hann telur að eigandi hrossins eigi að bæta það tjón sem varð á bifreiðinni.

Vátryggingafélagið telur að eigandi hrossanna beri ábyrgð á þessu óhappi þar sem hann hafi ekki staðið nægjanlega vel að rekstri 16 hrossa eftir þjóðvegi þar sem leyfður er 90 km hámarkshraði. Þegar óhappið átti sér stað mun hafa verið hálka og samkvæmt skýrslu lögreglu ”voru merki þess að hrossið sem varð fyrir bifreiðinni hafi skriplað á hálum veginum.”

**Álit.**

Í 2. mgr. 78. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 er þess getið að heimilt er að reka búfé á vegi, en fylgja skulu rekstrinum nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar ökutækja um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir.

Er óhappið varð var M einn við rekstur hrossahópsins. Ekkert er haft eftir ökumanni bifreiðarinnar í máli þessu en eigandi hennar, sem var farþegi í bifreiðinni, lýsir atvikum m.a. á þann veg að hvorki bíll né reiðmaður hafi farið fyrir hópnum,

bifreiðinni hafi ekki verið ekið á mikilli ferð enda hafi ökumaður hennar hægt á ferð hennar er hann varð var við hrossin.

Fyrirliggjandi gögn gefa takmarkaðar upplýsingar um aðstæður á vettvangi og aksturslag ökumanns bifreiðarinnar, en ljóst er að ökumaðurinn sá til ferða hópsins, hann virðist hafa hægt á ferð bifreiðarinnar en skyndilega mun eitt hross hafa stokkið fyrir bifreiðina. E.t.v. hefði ökumaður bifreiðarinnar átt að hægja betur á ferð sinni og jafnvel stöðva.

Athygli vekur að M var einn á ferð við rekstur 16 hrossa í hálfu við þjóðveg þar sem hámarkshraði er heimilaður 90 km/klst. Nefndin telur að M hafi ekki sýnt fram á að nægjanlegar aðgæslu hafi verið gætt við reksturinn. Að óbreyttu verður að telja óvarlegt að einn reiðmaður annist rekstur 16 hrossa við þær aðstæður sem fyrir hendi voru.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum telur nefndin að M hafi ekki sýnt fram á að hann hafi gætt nægjanlegrar aðgæslu við rekstur hrossanna. Með vísan til 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga, fellur bótarréttur M niður.

#### **Niðurstaða.**

Bótarréttur eiganda hrossins fellur niður með vísan til 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Reykjavík 21. september 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 156/2004**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar hests  
og  
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**

**Umferðaróhapp á Þ vegi norðan við bæinn S þann 9.2.2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23.8.2004 ásamt fylgiskjölum nr. 1 til 8.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tölvuskeyti X, dags. 6.9.2004.

**Málsatvik.**

Að morgni 9.2.2004 höfðu 10 hross í eigu M losnað úr hólfi og farið um 900 m spöl eftir Þ vegi heim á hlað við bæinn S. Fékk M aðstoð húsfreyju á bænum til að reka hrossin aftur í hólfið. Sættu þau lagi, er þau sáu ekki til neinnar bílaumferðar á veginum og ráku hrossin til norðurs eftir veginum áleiðis í hólfið. M fór á undan hrossunum akandi í bifreið, en húsfreyjan fór á eftir einnig akandi í bifreið. Þau segja bæði að blikkandi viðvornarljós hafi logað á bifreiðunum. Bar þá að bifreiðina A eftir Þ vegi úr norðri. Rakst A á eitt hrossið svo aflífa þurfti það. Hámarkshraði á veginum er 90 km á klst.

Myrkur var og engin lýsing á veginum, þegar óhappið varð. Hálfka og snjór var á veginum. Girðingar í kringum hólfið, sem hrossin voru geymd í, voru nánast á kafi í snjó og einungis sást á stöku stað í efsta streng girðingarinnar að því er fram kemur í lögregluskýrslu. M krefst þess að tjón sitt vegna hestsins verði bætt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A.

M kvað þau hafa verið tæplega hálfnuð að hólfinu, þegar hann hafi orðið var við ferðir A. Hann hafi ekið yfir miðlínu vegarins til að gera ökumanni A viðvart og fá hann til að hægja ferðina. Hraði A hafi ekkert minnkað og hafi hann þá fært sig aftur á sinn rétta vegarhelming. Bifreiðirnar hafi rétt verið búnar að mætast, er A rakst á hrossið.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 80-90 km hraða á klst. og séð bifreið koma á móti sér. Aðalljós hennar hafi verið kveikt, en önnur ekki. Rétt eftir að hann hafði mætt bifreiðinni lenti hann á hrossinu. Hann hafi ekki hemlað áður en óhappið varð.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Bætur fyrir tjón á munum má þó lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. 88. gr.

Girðing um hólfið þá sem hrossin voru geymd í voru nánast á kafi í snjó. Af þeim sökum áttu hrossin greiða leið út úr hólfinu. Er ljóst að vörslur hrossanna voru ófullnægjandi.

Samkvæmt 2. mgr. 78. gr. ufl. er heimilt að reka búfé á vegi utan þéttbýlis, en fylgja skal rekstrinum nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar ökutækja um veginn skal einn gæslumaður ætíð fara fyrir. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal búfénu vikið fljótt og greiðlega úr vegi, ef þess gerist þörf vegna annarrar umferðar. Rekstur hrossanna fór fram í myrkri og með þeim hætti að einni bifreið var ekið á undan um fjölfarin þjóðveg, þar sem leyfður hámarkshraði er allt að 90 km á klst. Var rekstri hrossanna verulega ábótavant og var

Í raun stórhættulegur gagnvart öðrum vegfarendum. Var ógerlegt fyrir ökumenn sem komu úr gagnstæðri átt að átta sig á rekstrinum. Þá var hrossunum ekki vikið af veginum þegar A kom aðvífandi. Verður að telja að ekki hafi verið staðið að rekstri hrossanna umræddu eins og mælt er fyrir um í 78. gr. ufl. Eins og hér stóð á verður M talinn hafa sönnunarbyrðina um það að viðvörunarmerki hafi logað á bifreið þeirri sem hann ók eða að slík merkjagjöf hefði dugað til að vara aðra vegfarendur við rekstrinum. Sú sönnun hefur ekki tekist samkvæmt gögnum málsins.

Að framangreindu virtu verður sök M talin svo alvarleg, bæði hvað varðar vörslu hrossanna og rekstur þeirra í kjölfar þess að þau urðu laus úr hólfínu, að beita ber heimild 3. mgr. 88. gr. ufl. og fella niður rétt hans til bóta úr ábyrgðartryggingu A.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

Reykjavík, 21. september 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 159/2004

M

og

### Vátryggingafélagið V. h.f. v. ábyrgðartryggingar M

#### Krafa um bætur vegna rangrar staðsetningar á húsi árið 2000.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.8.2004 ásamt fylgiskjölum 1-12
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 663/2004.
3. Bréf V dags.29.7., 19.8. og 8.9.2004

#### Málsatvik.

M sem er sveitarfélag er með ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar hjá V. M fékk fyrirtæki til að mæla út lóðir í sveitarfélaginu. Fram kom að á einni lóðinni hafði húsið verið ranglega staðsett þannig að það var byggt 2.7. metrum frammar þ.e. nær götu en skipulag gerði ráð fyrir. Framkvæmt var mat og síðar yfirmat til að meta fjártjón eigenda hússins og var niðurstaða yfirmatsins að verðýrning var samtals kr. 2.800.000.- M gerir kröfu til að fá þetta tjón bætt úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V og bendir á 2.gr. tryggingarskilmála. Bent er á að fasteignin sem um ræðir hafi skemmt og því um að ræða almennt fjártjón og ekki sé hægt að takmarka bótaskyldu við áþreifanlegar skemmdir á húsinu sjálfu. Þá vísar M í 40.gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 varðandi ábyrgð M gagnvart húseigendum umræddrar húseignar. Þá hafnar M því að ekkert skaðabótaskyld tjón hafi orðið þar sem að sjálfstætt einkahlutafélag hafi annast sjálfa mælinguna þ.e. staðsetningu hússins í lóðinni. Í álitserð lögmanns til V kemur m.a. fram það álit að með skemmdum á munum sem falli undir ábyrgðartrygginguna sé átt við líkamlega (hlutræna) skemmd, sköddun eða spjöll sem valdið sé á hlut þ.m.t. fasteign en verðýrning eða lækking á verðmæti hlutar án þess að líkamlegar(hlutrænar) skaddanir, skemmdir eða spjöll hafi orðið á hlutnum sé tjón sem falli utan hugtaksins skemmd á munum og þar með utan ábyrgðartryggingar M hjá V. Þar sem ekki sé um líkamlegt(hlutrænt) tjón eða skemmdir á fasteigninni að ræða falli tjón það sem húseigendur urðu fyrir vegna rangrar staðsetningar hússins í lóðinni ekki undir ábyrgðartrygginguna. V hafnar bótaskyldu og telur að ábyrgðartrygging atvinnurekstrar skv. umræddum vátryggingarskilmálum nái ekki til almenns fjártjóns sem rekja megi til mistaka verkfræðistofu við útsetningu húss á lóð heldur eingöngu til skemmda á munum og slysa á mönnum. Þá bendir V á að félagið hafi án nokkurs vafa undanþegið sig bótaábyrgð sem þeirri sem hér um ræðir þar sem ekki sé um neitt áþreifanlegt tjón að ræða.

#### Álit.

Gildissvið vátryggingar M hjá V er skilgreint í 2. gr. vátryggingaskilmála aðila. Þar kemur fram að vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á vátryggðan vegna slyss á mönnum eða skemmda á munum. Fasteign er ekki undanskilin í þeirri skilgreiningu og vátryggingaverndin tekur því til fasteigna eftir því sem við á. Fjártjón það sem mál þetta snýst um er ekki vegna skemmda á munum þ.m.t. ekki vegna skemmda á fasteign þ.e. tjón sem valdið er með aflrænum hætti og fellur því utan gildissviðs vátryggingarinnar. Tjón M vegna mistaka við staðsetningu húss þess sem hér ræðir um í lóðinni er því ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 28.9. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 160/2004**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu eftir umferðaróhapp þann 30.5.2004.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 30.8.2004.
2. Tjónstilkynning dags. 1.6.2004 og kröfubréf dags. 1.8.2004 ásamt ljósmyndum.
3. Tjónaskoðunarskýrsla.
4. Tvö bréf X dags. 19.8.2004 og 9.9.2004 ásamt vátryggingarskilmálum.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið eftir vegi í átt að bænum H. Af framlögðum myndum að dæma er um að tefla einbreiðan sléttan malarveg, en í honum er nokkur lausamöl. Á miðjum veginum má sjá móta fyrir malarhrygg. Þvert yfir veginn rennur lækur sem hefur grafið sig nokkuð niður þannig að eins konar dæld hefur myndast í veginum. Þó verður ekki séð að tekið hafi úr veginum né að brattur eða djúpur skurður hafi orðið þarna í veginum. Stærra og grófara grjót er svo að sjá í lækjarfarveginum og í námunda við hann en annars staðar á veginum.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 50-60 km hraða á klst. Skyggni hafi verið mjög gott og vegyfirborð slétt af malarvegi að vera. Þegar komið var á móts við skóla og engi, hvoru tveggja kennt við H, hafi skyndilega komið í ljós að vegurinn var sundurskorinn. Þrátt fyrir nauðhemlun hafi A lent ofan í skorningnum og henst upp úr á bakkann hinum megin. Ekki hafi verið með nokkru móti fyrirsjáanlegt að vegurinn hafi verið ógreiðfær, hvorki með merkingum eða öðru.

Samkvæmt tjónaskoðunarskýrslu eru skemmdir á A sagðar hafa orðið á framstykki, stuðara, útblástursröri og skráningarnúmeri. Krafist hefur verið bóta úr kaskótryggingu A vegna þess tjóns sem varð á bifreiðinni. Tryggingafélagið hefur hafnað bótaskyldu, þar sem það telur tjónið undanþegið bótaskyldu samkvæmt þeim vátryggingarskilmálum sem um trygginguna gilda.

**Álit.**

Í 4. gr. vátryggingarskilmála eru taldar upp þær tjónsorsakir sem vátryggingin nær til. Samkvæmt gr. 4.1. bætir félagið skemmdir á ökutækinu og nánar tilgreindum aukahlutum af völdum eldingar, eldsvoða, sprengingar sem stafar af eldsvoða, áreksturs, áaksturs, veltu, útafaksturs, hrops ökutækisins, grjóthruns, snjóflóðs úr fjallshlíð og skriðufalls. Aðrar tjónsorsakir sem lýst er í 4. gr. skilmálanna hafa ekki þýðingu í máli þessu. Þótt A hafi verið ekið ofan í dældina við lækinn þannig að skemmdir urðu á bifreiðinni verður ekki séð að skemmdirnar verði raktar til einhverrra þeirra tjónsorsaka sem taldar eru upp í 4. gr. skilmálanna, svo sem áaksturs eða hrops. Þá er áréttað í gr. 7.4 að félagið bæti ekki skemmdir af akstri á ósléttri akbraut eða skemmdir á undirvagni er hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum. Að virtu þessu ákvæði sem og hverjar þær tjónsorsakir eru sem vátryggingin bætir skv. 4. gr. verður að telja að tjón sem varð á A í umrætt sinn hafi orðið með þeim hætti að það bætist ekki úr kaskótryggingunni.

**Niðurstaða.**

Tjón á A bætist ekki úr húftryggingu bifreiðarinnar.

Reykjavík, 28. september 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 165/2004**

**M**

**Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðar**

**Umferðaróhapp, skemmdir á bifreið, þann 06.06. 2004.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 06.09. 2004.
2. Tjónstilkynning.
3. Greinargerð M, dags. 10.06. 2004.
4. Bréf vátryggingafélagsins, dags. 30.06. 2004.
5. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.09. 2004.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 497/2004.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa. M ók bifreið sinni eftir Skaftártunguvegi í Vestur-Skaftafellsýslu. Á veginum munu hafa verið tveir “nokkuð stórir grjóthnullungar”. M ákvað að aka bifreið sinni yfir þann sem honum virtist vera minni. Fram kemur að “heyra mátti að steinn kom við undirvagn bílsins aftarlega” þannig að skemmdir hlutust af sem lýst er í gögnum málsins.

Vátryggingafélagið telur að tjónið á bifreiðinni verði rakið til þess að henni hafi verið ekið eftir ósléttum vegi og þar á laust grjót sem hafi hrokkið upp undir bifreiðina og valdið tjóni á bifreiðinni. Félagið telur að tjónið sé ekki bótaskyldt með vísan til greinar 2.4 í skilmálum kaskótryggingar.

**Álit.**

Fyrirliggjandi gögn veita takmarkaðar upplýsingar um aðstæður á vettvangi.

Í grein 2.4 vátryggingaskilmála kaskótryggingar er fjallað um takmarkanir á vátryggingaverndinni. Fram kemur efnislega m.a. að félagið bætir ekki tjón sem varða einstaka hluta ökutækisins sem hljótast af því þegar skemmdir verða þegar laust grjót hrekkur upp undir ökutækið í akstri.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að bifreiðin hafi orðið fyrir skemmdum vegna þess að laust grjót hrökk upp undir ökutækið í akstri.

Með hliðsjón af framanrituðu er bótaábyrgð ekki fyrir hendi sbr. nefnda grein 2.4 skilmála kaskótryggingar.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi samkvæmt kaskótryggingu.

Reykjavík 5. október 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 168/2004

### M og Vátryggingafélagið V h.f. v. afkomutryggingar

#### Ágreiningur um bótaskyldu úr afkomu/heilsutryggingu v. vinnuskerðingar.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.9.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 607/04
3. Bréf lögmanns M dagsd. 6.9.2004 ásamt fylgiskjöllum 1-21
4. Bréf V dags. 21.6. og 24.9.2004.

#### Málsatvik.

Af hálfu M er því lýst að hann hafi verið óvinnufær frá 15. júní 2002 vegna verkja frá hálsi og herðum. Lögmaður M krefst bóta fyrir hans hönd úr afkomutryggingu hans hjá V. Þar sem að M sé haldinn sjúkdómi sem ekki sé undanþeginn skv. skilmálum V. Af hálfu M er m.a. bent á að starfsorkumissir M sé ekki vegna migraínekasta heldur vegna verkja frá hálsi og herðum og höfuðverkja sem leiði af því ástandi. Viðurkennt er að M hafi ekki nefnt migraíne í beiðni sinni um tryggingu en með því hafi hann þurft að lifa frá barnsaldri þá er bent á að M hafi tekið fram að hann væri með vöðvabólgu í herðum og hálsi og hafi beiðnin verið samþykkt án athugasemda. Á það er einnig bent að jafnvel þó M hafi látið hjá líða að skýra frá atvikum skipti það ekki máli um ábyrgð V nema M hafi mátt vera ljóst að þau atvik sem ekki var skýrt frá skipti máli fyrir félagið og meta megi það atferli M stórkostlegt gáleysi af hans hálfu sbr. 7.gr. 1.nr. 20/1954 og hafi M ekki vitað að upplýsingar sem hann gaf hafi verið rangar geti félagið ekki borið fyrir sig 5.gr. ofangreindra laga. Þá bendir lögmaður M á að skv. matsgerð tveggja trúnaðarlækna sé starfsorkumissir M 30% skv. mati þar til greindra lækna en skv. mati dags. 21.6.2004 er örorka til fyrri starfa metin 100%. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi við töku umræddrar tryggingar svarað flestum spurningum um hvort hann væri eða hefði verið haldinn ákveðnum sjúkdómum neitandi og jafnframt hafi M lýst því yfir að hann væri fullkomlega heilsuhraustur og vinnufær. Á það er bent af hálfu V. að skv. læknafréfi dags. 23.11.1994 sem liggur fyrir í málinu komi fram að M hafi frá unglingsárum fengið köst með sárum bankandi vegg í helmingi höfuðs, ljós-, lyktarfælni, ógleði o.s.frv. V telur að M hafi með því að láta þessa ekki getið við töku tryggingarinnar hafi hann gefið vísitandi rangar upplýsingar og eigi hann því ekki rétt á tryggingabótum með vísan til 4-8.gr. og 23. gr. laga nr. 20/1954

#### Álit.

Fyrir liggur að við töku tryggingar þeirrar sem hér ræðir um gaf M ekki fullnægjandi upplýsingar um heilsufar sitt. Þegar af þeirri ástæðu á hann ekki rétt á bótum úr afkomutryggingu sinni hjá M.

#### Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr afkomutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 12.10. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



**Mál nr. 170/2004**

**M**  
**og**  
**Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A**  
**og**  
**Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.**

**Árekstur á Eyrarvegi á Selfossi við gatnamót Fossvegar þann 29.7.2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10.9.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Tjónstilkynning ásamt viðbótarupplýsingum ökumanna og uppdrætti.
4. Bréf X, dags. 16.9.2004.
5. Bréf Y, dags. 26.9.2004.

**Málsatvik.**

Bifreiðinni A var ekið norður Eyrarveg. Þá var bifreiðinni B ekið frá bifreiðastæði við Fiskbúð Suðurlands inn á Eyrarveg til norðurs nokkurn spöl og síðan beygt til vinstri áleiðis inn á Fossveg. Rákust þá saman hægri hlið A og vinstra framhorn B.

Ökumaður A gerði einkum grein fyrir atvikum í málskoti sínu til úrskurðarnefndar. Hann kvaðst hafa verið kominn að bifreiðastæðinu við Fiskbúð Suðurlands, þegar B hafi skyndilega verið ekið inn á götuna frá bifreiðastæðinu og upp að A. Hann hafi því sveigt snöggt til vinstri og dregið úr hraða. B hafi verið ekið áfram norður götuna við hægri brún hennar við hlið A um eina til tvær billengdir eða innan við 30 m. Taldi hann víst að ökumaður B hafi séð til ferða sinna sér við vinstri hlið. Á móts við Fossveg hafi ökumaður B skyndilega sveigt til vinstri og í hlið A.

Í skýrslu ökumanns B segir að hann hafi komið frá fiskbúðinni og sé kominn upp á Eyrarveg og sé að beygja inn á Fossveg.

**Álit.**

Engar efnislegar athugasemdir hafa komið fram við frásögn ökumanns A um tildrög árekstursins eins og þeim er lýst í málskoti. Ökumaður B hefur lýst málsatvikum að mjög litlu leyti. Þá er afstöðumynd af vettvangi, sem dregin er upp á sameiginlegri tjónstilkynningu beggja ökumanna, í samræmi við frásögn ökumanns A. Eins og mál þetta liggur fyrir samkvæmt framansögðu verður ekki hjá því komist að líta svo á að B hafi verið ekið inn á Eyrarveg um leið og A bar að. Örskömmu síðar hafi bifreiðinni svo verið beygt til vinstri áleiðis inn á Fossveg í veg fyrir A. Af málgögnum verður ekki annað séð en ökumaður B hafi ekið inn á Eyrarveg og síðan beygt til vinstri án þess að gefa annarri umferð nokkurn gaum og með því telst hann hafa brotið gegn ákvæðum 2. mgr. 15. gr. og 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á hann því sök á árekstrinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður A hafi í umrætt sinn ætlað fram úr B með ólögum hætti eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök.

**Niðurstaða.**

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 12. október 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.  
Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 182/2004**

**M vegna S og kröfu til dánarbóta**

og

**Vátryggingafélagið X v/fritímaslysátryggingar Fjölskyldutryggingar**

**Ágreiningur um greiðslu dánarbóta vegna tjónsatburðar 23.03. 2002.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22.09. 2004 ásamt fylgiskjöllum 1 – 10.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.10. 2004.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 568/2004.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. S féll í stiga (tröppum) við heimili sitt. Hann andaðist í kjölfar tjónsatburðarins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð með vísan til gr. 34.3 í vátryggingaskilmálum þar sem fram kemur að félagið bætir ekki slys er sá sem tryggður er verður fyrir undir áhrifum áfengis og/eða annarra vímuefna, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins. Félagið telur orsakasamband milli ástands tjónþola og slysaatburðarins. Það telur að það hafi fullnægt sönnunarbyrði sinni í málinu. Félagið ber og fyrir sig gr. 7.1 í skilmálum þar sem fram kemur að félagið greiði ekki bætur ef tjónsaburður verður vegna stórkostlegs gáleysis vátryggðs.

Ágreiningur er og um túlkun vátryggingaskilmála í máli þessu hvað varðar greiðslu bóta. Fram kemur í gr. 29.2 að það greiðast 25% af dánarbótafjárhæð ef tjónþoli hefur engan á framfæri sínu. Félagið telur ekki unnt að fallast á greiðsluskyldu úr fritímaslysátryggingu Fjölskyldutryggingar vegna slyss vátryggðs. Það lætur þess getið að ef til greiðsluskyldu skyldi koma telur það með vísan til 29.2 skilmála að fjárhæð bóta sé 25% af dánarbótum slysátryggingarinnar.

M telja bótaábyrgð vera fyrir hendi og að félagið skuli greiða vátryggingarfjárhæð dánarbótanna að fullu þ.e. þá fjárhæð sem fram kemur í skildaga vátryggingarinnar á vátryggingarskírteininu og að leggja skuli það til grundvallar í stað almennra skilmála. Nánar er vísað til röksemda M í málskotinu, sem óþarft er að geta efnislega.

**Álit.**

Samkvæmt gr. 34.3 í skilmála bætir vátryggingin ekki slys sem vátryggður verður fyrir undir áhrifum deyfi- og/eða eiturfýja eða í ölæði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins. Óumdeilt er að S var ölvaður er hann féll í stiga við heimili sitt sbr. fyrirliggjandi gögn. Hann lést skömmu síðar. Ekki er upplýst um tildrög slyssins að öðru leyti en að nágranni S varð var við dynk um kl. 06.30 – 07.00 umræddan dag. Vitnið fór fram á gang og sá S þar sem hann lá og “virtist hafa dottið niður tröppurnar í stiganum og á andlitið” líkt og segir í skýrslu lögreglu.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að staðhæfa að umrætt slys megi beinlínis rekja til ölvunar S. Ósannað er og að slysið megi rekja til stórkostlegs gáleysis af hálfu S.

Nefndin getur ekki fallist á að S hafi með ölvun sinni fyrirgert bótarétti erfingja hans úr þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi

slysið til ölvunar S eða stórkostlegs gáleysis hans. M eiga því rétt til greiðslu bóta vegna frítímaslysáttryggingar þeirrar sem hér um ræðir.

Nefndin er sammála þeirri afstöðu félagsins að greiðsluskylda þess fari samkvæmt gr. 29.2 í skilmálum á þann veg að fjárhæð bóta sé 25% af dánarbótum frítímaslysáttryggingar. Í nefndri grein (29.2 1. mgr.) er þess getið að valdi slys dauða váttryggðs greiðist nánustu vandamönnum sú fjárhæð sem tilgreind er í váttryggingarskírteininu sem í gildi var á tjónsdegi. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að hafi váttryggður engan á framfæri sínu greiðast einungis 25% af dánarbótum slysáttryggingar.

**Niðurstaða.**

Greiðsluskylda váttryggingafélagsins er fyrir hendi en hún takmarkast við 25% af fjárhæð dánarbóta sbr. gr. 29.2 í váttryggingarskilmálum.

Reykjavík 26. október 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 185/2004**

**M  
og  
Vátryggingafélagið X hf.**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðar eftir umferðaróhapp.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 23.9.2004 ásamt fylgiskjali.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrslur ásamt vettvangsuppdrætti.
4. Bréf lögmans málskotsaðila, dags. 22.7. og 17.8.2004.
5. Bréf X, dags. 28.7, 6.9. og 11.10.2004.

**Málsatvik.**

Snemma morguns sunnudaginn 9.5.2004 var bifreiðinni A í eigu M ekið eftir Sæbraut til norðausturs í aflíðandi beygju til hægri áleiðis áfram til austurs yfir gatnamót Laugarnesvegur og Sæbrautar. Vestan gatnamótanna missti ökumaðurinn stjórn á bifreiðinni. Rakst A á vegrið, sem skilur að akreinar Sæbrautar í gagnstæðar áttir, svo og á umferðarljósavita á miðeyju sömu götu vestan við gatnamótin. Við áreksturinn valt A á hvolf og rann síðan skáhallt til austurs eftir syðri akbraut Sæbrautar uns hún staðnæmdest á hægri akrein til móts við hús nr. 4 við Kleppsveg. Bjart var af degi, skýjað og þurrt færi þegar óhappið varð. Á vettvangsuppdrætti eru sýnd dragföer eftir A sem liggja frá u.þ.b. miðri syðri akbrautinni til hægri að hægri götubrún, þaðan til vinstri yfir vegriðið og að umferðarljósastólpanum, alls um 102 m. Þaðan liggja dragföer áfram um 70 m að þeim stað, þar sem bifreiðin staðnæmdest. Auk ökumanns voru þrír farþegar í bifreiðinni, tveir í aftursæti og einn í hægri framsæti. Hlutu þau öll meiðsl við óhappið. Mikið tjón er sagt hafa orðið á A. Hámarkshraði á Sæbraut er 60 km á klst.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið austur Sæbraut að gatnamótum Kringlumýrarbrautar. Er grænt ljós kviknaði hafi hann ekið áfram á vinstri akrein, en leigubifreið hafi verið ekið á hægri akreininni. Er kom að beygjunni vestan Laugarnesvegur hafi hann ekið á um 95 km hraða á klst. og stigið þá á hemla bifreiðarinnar til að draga úr hraðanum. Hafi hann þá heyrt eins og lofthljóð úr vinstri afturhjólarða. Bifreiðin hafi þá misst grip og byrjað að rása til hægri. Hann hafi reynt að beygja til vinstri til að rétta bifreiðina af, en þá hafi bifreiðin tekið mikla beygju til vinstri og hafnað á vegriðinu. Við það hafi hún tekist á loft og oltið á toppinn og þannig hafi hún runnið áfram uns hún stöðvaðist. Á fimmtudeginum áður en óhappið varð kvaðst ökumaðurinn hafa farið með bifreiðina á verkstæði umboðsaðila hennar, þar sem gert var við hemla, skipt um diska og klossa. Einnig hafi hann beðið um að vinstra afturhjólar yrði athugað sérstaklega vegna þess að honum fannst eitthvað vera að því, en ekkert hafi fundist athugavert. Á föstudeginum hafi bifreiðin svo verið skoðuð án athugasemda.

Í gögnum málsins er ekkert haft eftir farþegum í A um tildrög slyssins.

Stjórnandi leigubifreiðar, sem ók á eftir A, kvaðst hafa ekið austur Sæbraut á 80-85 km hraða á klst. Á móts við Kirkjusand hafi A verið ekið fram úr honum vinstra megin og fannst honum hraði A vera um 100 km á klst. Hafi A verið ekið inn í hægri beygju við Laugarnes án þess að dregið hafi verið úr hraða hennar. Er hann kom að beygjunni kvaðst hann hafa séð hvar ökumaður A hafi misst bifreiðina út í hægri vegkant þannig að hægri afturhjólar hafi farið út fyrir akbrautina, en síðan náð að beygja aftur til vinstri inn á veginn með þeim afleiðingum sem áður hefur verið lýst.

M hefur krafð X, tryggingafélag A, um bætur úr húftryggingu hennar. Félagið hafnaði bótum, þar sem tjóninu hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi ökumannsins.

**Álit.**

Eins og áður greinir greindust rúmlega 100 m dragför eftir A uns hún rakst á vegriðið og umferðarljósastólpann og valt á hvolf. Síðan rann bifreiðin um 70 m uns hún stöðvaðist. Af þessari vegalengd, alls um 172 m, þykir mega slá föstu að bifreiðinni hafi verið ekið á ofsahraða austur Sæbraut er ökumaður hennar missti stjórn á henni í aflíðandi beygju á akbrautinni. Hefur hraðinn verið langt yfir leyfilegum hámarkshraða eða því sem aðstæður leyfðu. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins sem bendir til að óhappið verði að einhverju leyti rakið til bilunar í bifreiðinni. Verður slysið alfarið rakið til þess hversu hratt ökumaður A ók. Mátti ökumaðurinn gera sér ljósa grein fyrir þeirri hættu sem fylgdi hinum mikla hraða. Verður ekki hjá því komist að virða akstursmáta ökumannsins til stórkostlegs gáleysis, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga. Samkvæmt gr. 2.6 í skilmálum kaskótryggingarinnar bætir félagið ekki tjón á bifreið sem rakið verður til stórkostlegs gáleysis ökumanns. Með vísan til þessa bætist tjónið ekki úr kaskótryggingunni.

**Niðurstaða.**

Tjón á A bætist ekki úr kaskótryggingu bifreiðarinnar.

Reykjavík, 26. október 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 186/2004

M

og

### Vátryggingafélagið V v/frjálsrar ábyrgdartryggingar S ehf. (S)

#### Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns manns af völdum dyravarðar veitingastaðar í Reykjavík þ. 27.5.2000.

#### Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.9.2004. ásamt fylgiskjölum 1-9.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 590/04
3. Lögregluskýrsla/Tjónaskýrsla dags.
4. Bréf vátryggingafélagsins dags. 26.7.2004 og 16.10.2004.

#### Málsatvik.

Vegfarendur tilkynntu lögreglu að maður lægi í blóði sínu við nafngreindan skemmtistað í Reykjavík. Lögregla lýsir aðkomu þannig að maður hafi legið á gangstétt við anddyri skemmtistaðarins og blóð lekið úr hægri eyra hans. Við rannsókn málsins kom fram að ákveðinn dyravörður skemmtistaðarins hefði slegið M með hnefa í andlitið þannig að hann féll við og höfuðið skall í gangstétt með þeim afleiðingum að hann höfuðkúpubrotnaði og marðist á heila og lamaðist tímabundið á andlitstaug og hlaut af varanlega heyrnarskerðingu á báðum eyrum. Í niðurstöðu dóms Héraðsdóms Reykjavíkur frá 25.1. 2002 í máli því sem höfðað var gegn dyraverðinum vegna meints brots á 2. mgr. 218.gr. almennra hegningarlaga segir að sannað sé að dyravörðurinn hafi slegið M hnefahögg svo sem lýst er í ákæru og var dyravörðurinn fundinn sekur um brot á 2. mgr. 218.gr. almennra hegningarlaga vegna þessarar árásar á M. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur segir einnig að M hafi verið vísað af skemmtistaðnum sökum ölvunar og sannað þótti að M hefði áreitt ákærða og aðra starfsmenn skemmtistaðarins áður en til þess kom að honum var vísað út og dyravörðurinn sló hann. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur segir, “ Gera verður ráð fyrir því að til þess geti komið að gestir á skemmtistað verði til ama sökum ölvunar eða af öðrum ástæðum. Ákærði átti að reikna með þessu, sem starfsmaður skemmtistaðarins, og bregðast við á annan hátt en hann gerði.”

Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgdartryggingu S sem rekur umræddan skemmtistað og vísar til þess að V hafni bótaábyrgð með vísan til 11. gr. vátryggingaskilmála þá sem hér ræðir um. Lögmaðurinn telur að V sé ekki undanþegið bótaábyrgð með vísan til 11. gr. vátryggingaskilmálanna. Lögmaðurinn bendir á að tjón M af völdum dyravarðarins hafi ekki verið svo fyrirsjáanleg afleiðing fyrir dyravörðinn af valdbeitingu hans að gild ástæða sé til þess fyrir V að hafna bótaábyrgð úr ábyrgdartryggingu S. Þá telur lögmaðurinn að dyravörðurinn hafi ekki haft ásetning til þess að valda M því líkamstjóni sem um ræðir og hafi ekkert slíkt komið fram við dómsmeðferð í sakamáli því sem höfðað var gegn dyraverðinum. Í því sambandi vísar lögmaðurinn til orðalags í niðurstöðu dómsins þar sem segir að afleiðingarnar hafi orðið alvarlegri en hann reiknaði með, auk þess er vísað til skýrslu dyravarðarins hjá lögreglu þar sem hann segir að það hafi ekki verið ætlun sín að skaða M að nokkru leyti heldur hafi hann einungis slegið hann til að losna við hann allt annað hafi verið afleiðing sem ekki var hans vilji. Lögmaðurinn vísar auk heldur til fræðirits í vátryggingarétti og telur að V beri ótvíræð skylda til að bæta M það tjón sem hann varð fyrir af völdum dyravarðarins úr ábyrgdartryggingu S hjá V enda geti V einungis verið undanþegið ábyrgð á tjóni af völdum ásetningsverknaðar dyravarðarins þ.e. hnefahögginu, en ekkert bendi til þess að líkamstjón M verði rakið til þess heldur einungis til þeirra afleiðinga sem meta verði dyraverðinum til gáleysis að höfuð M skall á gangstéttina með þeim alvarlegu afleiðingum

fyrir M sem raun varð á. Af þeim sökum falli skaðabótaábyrgð S undir ábyrgðartryggingu félagsins hjá V.

V hafnar bótaábyrgð og vísar til 11. gr. váttryggingaskilmála ábyrgðartryggingar þeirrar sem um ræðir þar sem segi að verði váttryggingaratburðurinn rakinn til ásetnings eða stórfellds gáleysis... váttryggðs eigi hann enga kröfu á hendur félaginu. V telur með vísan til nefnds ákvæðis 11. gr. váttryggingaskilmálanna og 18.gr. laga um váttryggingasamninga þá eigi S ekki bótarétt úr váttryggingunni. V bendir á að árás dyravarðarins verði að teljast fólkskuleg og til þess fallin að valda M líkamstjóni svo sem nánar er rökfært af hálfu V. V telur að dyravörðurinn hafi mátt sjá fyrir að töluvert líkamstjón gæti hlotist af þeirri háttsemi sem hann hafði í frammi gagnvart M.

### **Álit.**

Skv. 18.gr. váttryggingarsamningalaga nr. 20 /1954 segir m.a. ef váttryggður verður þess valdur af ásettu ráði að váttryggingaratburður gerist eigi hann enga kröfu á hendur félaginu. Hafi váttryggður valdið váttryggingaatburðinum af vangá og telja megi vangá hans stórkostlega eftir því sem atvik lágu fyrir skuli úr því skorið hvort greiða skuli bætur og hve háar eftir því hversu mikil sökin er og eftir öðrum atvikum. Í 11. gr. váttryggingaskilmála þeirra sem eiga við í máli þessu segir m.a. Ef váttryggingaatburðurinn verður rakinn til ásetnings, stórfellds gáleysis eigi váttryggður enga kröfu á hendur váttryggingafélaginu.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í sakamáli sem höfðað var gegn dyraverðinum vegna áverka sem M hlaut segir að ákærði beri refsíábyrgð á öllum afleiðingunum þótt þær hafi orðið alvarlegri en hann reiknaði með.

Að virtum öllum gögnum málsins verður ekki séð að það hafi verið ásetningur dyravarðarins að valda M því tjóni sem hann varð fyrir. Dyravörðurinn sló M hins vegar af ásettu ráði hnefahögg í andlitið. M var í umrætt sinn mjög ölvaður. Það er viðfangsefni dyravarða skemmtistaða eins og hér um ræðir að fást við drukkið fólk og það er skylda þeirra að beita það ekki meiri hörku en nauðsyn ber til. Dyravörðurinn fór offari þegar hann sló M svo sem lýst er í ofangreindum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur. Dyravörðurinn var að fást við fullvaxinn karlmann sem var verulega ölvaður og mátti dyravörðurinn gera ráð fyrir því miðað við aðstæður allar að afleiðingar hnefahöggs á M gætu haft alvarleg áhrif m.a. þær sem raun varð á. Dyravörðurinn sýndi því af sér áframhaldandi stórfellt gáleysi að slá ölvaðan mann. Dyravörðurinn mátti gera ráð fyrir því miðað við allar aðstæður að afleiðingar hnefahöggs á M gætu haft þær afleiðingar að hann félli í götuna án þess að hann kæmi vörnum við og hlyti af því höfuðáverka svo sem raun varð á. V ber því ekki bótaskyldu vegna váttryggingatakans S og á því M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

### **Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 26.10. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 192/2004**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs**

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss sem varð við vinduvél þann 24.06. 2003.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 06.10. 2004, ásamt fylgiskjölum 1-11 þ.á m. skýrslum lögreglu og skýrslu Vinnueftirlits ríkisins.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.10. 2004, ásamt afriti af tölvupósti félagsins til lögmanns M, dags. 23.08. 2004.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 750/2004.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M slasaðist við vinnu sína á vinduvél.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ekkert bendi til þess að slysið verði rakið til bilunar í vélinni eða vanbúnaðar. Stífleiki í öryggisgrind hafi ekki haft áhrif á slysið. Ekkert sé fram komið um að slysið megi rekja til ófullnægjandi verkstjórnar. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða eða röng vinnubrögð M.

M vekur athygli á því að Vinnueftirlit ríkisins telur orsök slyssins vera þá “að öryggishlífin virkaði ekki sem skildi og starfsmaður gat teygst sig yfir hana.” M fullyrðir að honum hafi verið kennt að vinna á þann hátt sem hann gerði.

**Álit.**

Af gögnum máls þessa má ráða að slysið megi að hluta rekja til aðstæðna á vettvangi sem vátryggingartaki ber ábyrgð á og að hluta til rangra vinnubragða M sjálfs. Vinnueftirlit ríkisins telur orsök slyssins vera þá að öryggishlíf vélarinnar “virkaði ekki sem skildi og að starfsmaðurinn gat teygst sig yfir hana”. Fram kemur að öryggisgrind sem M teygði sig yfir var “svo stíð að hún virkaði ekki nema tekið væri á henni en þá stöðvaðist vélin”.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber vátryggingartaki ábyrgð á tjóni M sem nemur 2/3 hluta. Skerða ber réttarstöðu M sem nemur 1/3 vegna eigin sakar.

**Niðurstaða.**

Vátryggingartaki ber 2/3 hluta sakar og M ber 1/3 hluta sakar vegna eigin sakar.

Reykjavík 11. nóvember 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



Mál nr. 197/2004

M

og

Vátryggingafélagið X v/farangurstryggingar

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna hvarfs á handfarangri þann 07.07. 2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.10. 2004.
2. Tjónstilkynning, dags. 29.07.2004.
3. Bréf vátryggingafélagsins, dags. 15.09. 2004 og 16.08. 2004.
4. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.10. 2004.
5. Skilmálar farangurstryggingar.
6. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 665/2004.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var við innritunarborð á flugvelli á Spáni með handfarangur við hlið sér á meðan hann ræddi við þjónustufulltrúa flugfélags. Hann mun hafa litið eitt augnablik af handfarangrinum (töskunni).

M telur að tjónið sé bótaskyldt, hann vísar til álits Tjónanefndar vátryggingarfélaganna. Vátryggingafélagið lætur þess efnislega getið í bréfi til úrskurðarnefndar að það telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi með vísan til kafla skilmála um farangurstryggingu erlendis (3. gr.). Fram kemur að úrlausnarefnið sé ekki hvort töskuhvarfið hafi verið valdið af vangá heldur hvort skilmálar séu það afdráttarlausir að þjófnaður verði ekki bættur nema að farið sé inn í læst húsakynni, bifreiðar eða bíla sbr. nánar bréf félagsins, dags. 19.10. 2004.

**Álit.**

Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að M hafi tapað handfarangri sínum er hann stóð við innritunarborð á flugvelli á Spáni á meðan hann ræddi við þjónustufulltrúa flugfélags. Hann mun hafa litið eitt augnablik af handfarangrinum (töskunni).

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. skilmála farangurstryggingar bætir vátryggingin tjón sem verður á hinum vátryggða farangri af völdum bruna, þjófnaðar úr læstum hibýlum, ráns, flutningslyss, skyndilegs óhapps, svo og ef hið vátryggða týnist alveg í flutningi, þó með þeim takmörkunum sem um getur í skilmálunum.

Vátryggingafélagið lætur þess efnislega getið að vangá M sé ekki úrlausnarefni máls þessa heldur hvort skilmálar séu nægjanlega afdráttarlausir.

Til að unnt væri að hafna bótaábyrgð í máli þessu þyrftu umræddir skilmálar að vera afdráttarlausari. Vegna þessa hallar á vátryggingafélagið.

Með hliðsjón af framanrituðu telur nefndin að tjónsatburður máls þessa falli undir 3. gr. skilmála um “skyndilegt óhapp”. Hér var um skyndilegt óhapp að ræða er handfarangur M var fjarlægður ófrjálsri hendi án vitneskju hans.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt fyrirbyggjandi váttryggingu.

Reykjavík 11. nóvember 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 199/2004**

**M  
og  
Vátryggingarfélagið X v/ bifreiðarinnar A  
og  
Vátryggingarfélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bónda.**

**Umferðaróhapp á Norðausturvegi í Kelduhverfi þann 2.2.2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttekið 11.10.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.
3. Lögregluskýrslur.
4. Bréf málskotsaðila, dags. 14.2.2004.
5. Bréf eiganda hests, dags. 3.2.2004.
6. Ljósmyndir.
7. Bréf Y, dags. 14.10.2004.
8. Bréf X, dags. 25.10.2004.

**Málsatvik.**

Nokkru eftir kl. 20 að kvöldi 2.2.2004 ók M bifreið sinni A Norðausturveg til austurs. Myrkur var og engin lýsing, snjór og hálsa á akbraut. Er hann var staddur skammt austan afleggjara að bænum Mörk í aflíðandi beygju til hægri hljóp hross inn á veginn í veg fyrir A. Rakst A á afturhluta hrossins, sem kastaðist út fyrir veg og hlaut það mikla áverka að aflífa þurfti það. Einnig urðu skemmdir á A og varð hún óökufær eftir óhappið. Lausaganga hrossa og nautpenings mun vera bönnuð í Kelduhverfi.

M kvaðst hafa ekið á um 70-80 km hraða á klst. Skyndilega hafi brúnt hross í vinstri vegkantinum komið inn í ljósgeisla A skamman spöl framundan. Hann hafi umsvifalaust stigið á hemla og ætlað að aka fram hjá hrossinu. Það hafi þá tekið á rás og hlaupið inn á veginn í veg fyrir A, sem þá hafi verið alveg komin út í hægri vegkant og lent á hrossinu með fyrrgreindum afleiðingum. M kvaðst hafa hringt í B, eiganda hrossins, sem hafi komið á vettvang. Þeir hafi farið að bænum Lyngási skammt vestan við slysstaðinn til að athuga með hross sem B átti þar í afgirtu hólfi. Hlið á girðingunni hafi verið opið og slóð eftir hross hafi legið þar út úr hólfinu. Svo hafi virst sem hrossið, sem varð fyrir A, hafi gengið þarna út úr hólfinu.

B kvaðst hafa notað um 30 ha afgirt hólfi á bænum Lyngási fyrir fjögur hross. Eftir að hafa verið kallaður á vettvang hafi hann farið og athugað með hólfið. Hafi hann séð að hlið á girðingu þeirri sem umlykur hólfið hafi verið opið við íbúðarhúsið á bænum. Áleit B víst að hrossið hefði sjálf smokrað bandi upp af hliðstólpa og opnað þannig hliðið og síðan farið norður heimreiðina út á þjóðveg og þaðan um einn km til austurs. Kvaðst B nýlega hafa verið búinn að kaupa hrossið á tilteknum bæ í Öxarfirði og hafi það sennilega verið á leið þangað aftur, þegar óhappið varð.

Samkvæmt lýsingu B mun girðingin umhverfis hólfið að mestu leyti vera sex strengja gaddavír en einnig fimm strengja girðingarnet með gaddavír undir og tveimur gaddavírstrengjum að ofan. Að hluta til er girðingin gömul og léleg eða net með einum gaddastreng að ofan, Sá hluti sé suður- og að hluta til vesturgafli hólfsins og fari hross þar yfir séu þau komin í afrétt Kelduneshrepps sem sé afgirtur og því litlar líkur á að þau komist þar út á veg. Hliðið, sem hrossið náði að opna, sé venjulegt hlið úr neti og með gaddavírstreng að ofan og fest með smeygum að ofan og neðan þeim megin sem það er opnanlegt. Umrætt kvöld hafi hrossin haft eina og hálfu heyrúllu hjá sér. Skjól sé gott þarna úr öllum áttum af

úti húsum sem þeim er gefið við. Hægt sé að hýsa hrossin í þessum húsum þegar veður eru hvað verst.

#### **Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1988 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í tækinu. Bætur fyrir tjón á munum má þó lækka eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða gáleysi, sbr. 3. mgr. sömu greinar. Samkvæmt þessu telst M sem eigandi og ökumaður A bera ábyrgð á því tjóni sem hlaut í óhappinu nema sýnt sé fram á að B verði að einhverju leyti talinn hafa orðið meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða gáleysi. Getur B þá þurft að bera ábyrgð á því tjóni sem varð á A að því marki sem bótaréttur hans kann að lækka eða falla niður.

Lausaganga hrossa var bönnuð í Kelduhverfi. Því bar að gæta hrossins þannig að það slyppi ekki úr hólfinu. Af ljósmyndum af hliði því sem hrossið slapp út um má sjá að kaðallykkju hefur verið smeygt að ofanverðu yfir tiltölulega grannan staur á enda girðingarnetsins sem myndar hliðið. Er efsti hluti staurins slitinn eða afrúnaður þannig að lykkjan á auðvelt með að smokrast upp af staurnum við hreyfingu. Ekkert hak eða annars konar búnaður er á staurnum til að koma í veg fyrir að lykkjan geti hrokkið upp af staurnum við það að hross nuddi sér upp við hliðið. Þá er staurnum enn fremur aðeins tyllt í sams konar lykkju að neðanverðu. Á það verður að fallast með M að sá háttur sem þarna var viðhafður til að loka hliðinu hafi verið ófullnægjandi og hross getað opnað það af sjálfsdáðum. Verður að virða þennan vanbúnað til gáleysis B sem þar með verður að bera ábyrgð á því að hrossið slapp út úr hólfinu og upp á þjóðveginn þegar A bar að. M sá hrossið skyndilega birtast í ljósgeisla A, þar sem það stóð í vegkantinum vinstra megin miðað við akstursstefnu bifreiðarinnar. Í þann mund sem hann ætlaði að aka fram hjá hrossinu tók það á rás í veg fyrir bifreiðina. Eins og hér stóð á verður ekki talið að M hafi getað varnað því að hrossið lenti á A. Verður M því ekki gefin sök á óhappinu.

Að virtu því sem að framan greinir verður að telja að bótaréttur B úr hendi M sé fallinn niður, sbr. 3. mgr. 88. gr. ufl. Að sama skapi telst B bera ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir vegna skemmda á A. Tjón M skal því bætt úr ábyrgðartryggingu B.

#### **Niðurstaða.**

Tjón á bifreiðinni A bætist úr ábyrgðartryggingu bóndans B.

Reykjavík, 11. nóvember 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

## Mál nr. 209/2004

M

og

Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bænda (B)

vegna tjóns á bifreið A

### Umferðaróhapp þegar ekið var á hross á Vesturlandsvegi við Svignaskarð þ. 29.8.2004.

#### Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 20.10.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 755/2004.
3. Lögregluskýrsla dags. 29.8.2004. ásamt ljósmyndum.
4. Bréf lögmanns M dags. 17.9.2004.
5. Bréf V dags. 11.10. og 28.10.2004.

#### Málsatvik.

A var ekið inn í hrossahóp með þeim afleiðingum að hestur drapst og skemmdir urðu á A. Ökumaður A segist hafa ekið Vesturlandsveg til suðurs á um 70-80 km. hraða og hafi 3-4 hross skyndilega hlaupið út á veginn og hafi hann þá hemla og sveigja til hægri en ekki tekist að koma í veg fyrir umferðaróhapp það sem um ræðir. Ökumaður sem ók á eftir A segir að A hafi verið hemlað skyndilega og hafi hún þurft að nauðhemla til að lenda ekki aftan á A og segir vitnið að hún hafi séð þegar hrossin hlupu í veg fyrir A. Við athugun á vettvangi kom í ljós skv. lögregluskýrslu að hlið á veginum sem liggur að Borgarseli stóð opið þannig að hrossin sem voru í girðingunni komust greiðlega út á Vesturlandsveg. M krefst bóta vegna skemmda á A úr ábyrgðartryggingu eiganda hrossana hjá V. Í bréfi lögmanns M kemur m.a. fram að hliðið sem um ræðir hafi verið lélegt og öllum megi vera ljós hætta á því að sumarbústaðareigendur eða gestir þeirra sem fari um hlið eins og það sem um ræðir skilji það eftir opið og því verði að setja upp grindarhlið af viðurkenndri tegund til að hægt sé að telja að um fullnægjandi vörslur sé að ræða við aðstæður eins og þær sem hér ræðir um. Lögmaðurinn telur að eftirlitsskylda eiganda hrossana hafi verið vanrækt og beri hann ábyrgð á því. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki sé upplýst hver hafi opnað hliðið svo að hrossin áttu greiða leið út á þjóðveg og hafi eigandi hrossana því ekki bakað sér skaðabótaábyrgð né unnið sér nokkuð til sakar. Þá bendir v. á 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987

#### Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í tækinu. Bætur fyrir tjón á munum má þó lækka eða fella það niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða gáleysi sbr. 3.mgr. sömu greinar. Lausaganga hrossa var bönnuð á þeim stað sem að ekið var á hrossið. Eiganda hestsins bar því að gæta þess að það slyppi ekki út á fjölfarin þjóðveg, þjóðveg nr. 1. Af ljósmyndum sem lagðar hafa verið fram kemur ekki fram að umræddu hliði eða girðingu hafi verið ábótavant. Fyrir liggur að hlið á girðingu þeirri sem hrossin voru geymd í var opið þegar umrætt umferðaróhapp varð. Hrossin áttu því greiða leið út og inn úr girðingunni sem þau voru geymd, út á einn fjölfarnasta þjóðveg landsins. Fyrir liggur að þeir sem vilja fara í sumarbústaði sem eru á svæðinu þurfa að fara um hliðið og því má ætla að nokkur umferð sé um hliðið. Leggja verður þá skyldu á eigendur hrossa eða annars búfjár sem ekki er heimilt

að hafa í lausagöngu að þeir hlutist til um að vörslur dýranna séu fullnægjandi. Það teljast ekki fullnægjandi eða öruggar vörslur hrossa að geyma þau í girdingu með hliði þar sem fjöldi fólks fer um og getur að vild opnað eða lokað. Í þessu tilviki þykir það hafa verið gáleysi af hálfu eiganda hrossins að geyma það í girdingu þar sem um var að ræða umferð fjölda manna og sú hættu fyrir hendi og mátti vera ljós eiganda hrossins að hliðið gæti verið skilið eftir opið eins og raun varð. Eigandi hrossins ber ábyrgð á því að vörslur hrossins skyldi ekki vera fullnægjandi og verður að fallast á það með lögmanni M að þeir sem vilja geyma hross á stað þar sem margir eiga umferð um verða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að umferð sé ekki hættu búin af því að hross geti sloppið með þeim hætti sem um ræðir í máli þessu.

Að virtu framangreindu er talið að bótaréttur B úr hendi M sé fallin niður sbr. 3. mgr. 88.gr. umferðarlaga. B ber ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir vegna skemmda á A. Tjón M skal því bætt úr ábyrgðartryggingu B.

**Niðurstaða.**

Tjón á A bætist úr ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík 16.11.2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 212/2004**

**M  
og  
Vátryggingarfélagið X**

**Ágreiningur um bótaskyldu úr “innbúskaskó” tryggingu.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 22.10.2004 ásamt greinargerð málskotsaðila.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna .
3. Tjónstilkynning, dags. 3.9.2004, ásamt afriti af staðfestingu á pöntun, dags. 27.1.2004.
4. Bréf X, dags. 16.9., 13.10. og 3.11.2004.

**Málsatvik.**

Þann 2.9.2004 var M að skipta um ljósaperu á heimili sínu fyrir ofan fartölvu sem hún mun hafa keypt í janúar sama árs fyrir 275.572 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Féll þá glær úr ljósinu niður á tölvuna og rispaði tölvuskjáinn.

M hefur krafist bóta fyrir skemmdirnar sem urðu á skjánum úr sérstakri vátryggingu er nefnist innbúskaskó og er viðbót við fjölskyldutryggingu M hjá vátryggingarfélaginu X. Kveðst M hafa orðið fyrir tjóni vegna rispunnar burtséð frá því hvort umrædd rispa sé lítil eða stór. Rispan trufla sig mikið þegar hún er að vinna með myndir, lesa eða sé í tölvuleik. Viðgerð á skjánum kosti 135.000 krónur og vinna við að setja hann á tölvuna kosti 20-25.000 krónur að sögn viðgerðaraðila. X hafi hafnað að greiða þennan kostnað, en þess í stað boðist til að greiða 70.000 krónur í bætur að frádreginni 17.000 króna eigin áhættu.

X kveður tjón M vera bótaskyldt úr umræddri vátryggingu. Hins vegar sé um að ræða örlitla rispu neðarlega í hægra horni skjásins sem vegna smæðar sinnar sé ekki unnt að meta til fjártjóns. Það hafnar því að bótafjárhæð miðist við að nýr skjár verði settur á tölvuna. Kveðst félagið geta fellt sig við að hugsanleg bótafjárhæð verði byggð á raunverulegum gögnum um sönnun á verðlækkun tölvunnar vegna rispunnar. Jafnframt hefur félagið fallist á að hlíta niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna um að fjárhæð bóta vegna hugsanlegrar verðryrnunar “mætti ákvarða út frá því hversu mikill afsláttur væri veittur á verði nýrrar tölvu með sambærilegt lýti.” Þá hefur félagið staðfest að það hafi boðið M 70.000 krónur í bætur vegna rispunnar.

**Álit.**

Ágreiningur í máli þessu snýst um ákvörðun bóta fyrir skemmdir sem urðu á fartölvu í eigu M, en óumdeilt er að tjónið teljist bótaskyldt úr innbúskaskó hjá X. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykka nr. 336/1996 fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum úrskurðar nefndin ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu samþykki aðila. Af bréfi X frá 3. þessa mánaðar verður að líta svo á að félagið samþykki fyrir sitt leyti að nefndin úrskurði um bótafjárhæð eins og gögn málsins gefa tilefni til.

Fartölva sú sem fjallað er um í máli þessu hefur verið lögð fyrir nefndina til skoðunar. Má sjá u.þ.b. 3 mm langa rispu neðarlega við hægra horn skjásins. Skjárinn mun starfa eins og til er ætlast, en á hinn bóginn kveður M rispuna trufla sig við myndvinnslu, lestur og í tölvuleik. Ekki er unnt að fullyrða að skjárinn teljist ónýtur. Engin gögn hafa verið lögð fram sem beinlínis staðreyna að rispan hafi í för með sér verðryrnun eða hversu mikil sú verðryrnun er. Þrátt fyrir það má á það fallast með M að rispan hafi að vissu leyti áhrif á notagildi tölvunnar og þar með leitt til einhverrar verðryrnunar á henni. Ekki liggur fyrir neitt um það hvernig nákvæmlega beri að meta til fjár tjón af því tagi sem hér um ræðir.

Í sérskildaga fyrir innbúskaskó hjá X eru engar reglur tilgreindar um það hvernig ákveða skuli tjón. Í 7. gr. skildagans segir þó að um váttrygginguna gildi “að öðru leyti” hinir almennu skilmálar félagsins fyrir fjölskyldutryggingu. Í 6. gr. innbústryggingarliðs skilmálanna kemur fram að bætur skuli miðast við, að svo miklu leyti sem unnt er, að fjárhagsleg staða váttryggðs verði hin sama og fyrir tjón. Bætur greiðist á grundvelli verðs á nýjum hlutum og frádráttur vegna aldurs og notkunar komi því aðeins til greina að notagildi hlutanna hafi minnkað verulega fyrir váttryggðan. Þó hefur félagið heimild að beita sérstökum afskriftarreglum þegar nánar tilgreindir hlutir verða fyrir skemmdum. Kemur þar fram varðandi tjón á tölvum að á fyrsta aldursári sé enginn aldursfrádráttur en eftir það skuli afskrift nema 20% á ári.

Fyrir liggur að X hefur þegar boðið M 70.000 krónur í bætur fyrir skemmdirnar. Af gögnum málsins og skoðun á tölvuskjánum verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að tjón M sé meira en nemur þeim bótum sem X hefur boðið henni. Getur M ekki krafist hærri bóta úr hendi X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á hærri bótum en X hefur þegar boðið.

Reykjavík, 26. nóvember 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.



Mál nr. 213/2004

M

og

Vátryggingafélagið h.f. (V) fjölskyldutryggingar

**Tannbrot þegar kona var að matast í janúar 2004.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið þ. 22.10.2004. ásamt bréfum M dags. 16.8. og 18.10.2004.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna í máli tjónanr. 81-03-0644.
3. Bréf V dags. 26.8. 15.9. og 4.11. 2004.
4. Slysavottorð læknis dags. 16.6.2004.

**Málsatvik.**

M var að borða fasana þegar hún fékk hagl úr fuglinum og sprunga kom í tönn M. M krefst bóta úr F+ tryggingu sinni hjá V og telur að skv. vátryggingaskilmálum eins og þeir verði skýrðir eigi hún rétt á bótum. V hafnar bótaskyldu með vísan til ákvæðis í 1.tl. 6.gr. vátryggingarskilmála og telur að tannbrot sem verði þegar tjónþoli matast sé undanþegið bótaskyldu.

**Álit.**

Skv. 2.gr. vátryggingaskilmála tryggingar þeirrar sem hér ræðir um greiðir vátryggingafélagið bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í frístundum, vkð heimilisstörf, skólanám eða við almennar íþróttaiðkanir enda leiði það til a. dauða b. varanlegrar læknisfræðilegrar örorku. c tímabundins missis starfsorku. d. tannbrots. Í 6.gr. vátryggingaskilmálanna er sérstaklega vikið að tannbroti og þar segir í 1. mgr. að vátryggingin greiði viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum, sem brotna eða laskast við slys, þó ekki vinnuslys, eða brot sem ber að höndum þegar vátryggður matast. Ákvæði 1.mgr. 6.gr. verður ekki skilið með öðrum hætti en þeim miðað við kommuetningu að átt sé við að bæta beri tannbrot sem verða þegar vátryggður matast. Skv. 1. mgr. 6.gr. er sérstaklega undanskilið “þó ekki vinnuslys” en ekki er hægt að leggja þann skilning í ákvæðið að annað sé undanskilið í 1. mgr. 6.gr. en vinnuslys. Í umrætt sinn var M að matast og á hún því rétt á bótum miðað við fyrirliggjandi gögn og málatilbúnað aðila.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 22.11. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 215/2004**

**M**

**og**

**Vátryggingafélagið V h.f. v. bifreiðarinnar A og  
Vátryggingafélagið Y h.f. v. bifreiðarinnar B**

**Árekstur bifreiða í Þórunnarstræti á Akureyri þ. 28.9.2004.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 27.10.2004. ásamt fylgiskjali ódags.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 815/2004.
3. Tjónaskýrsla dags. 28.9.2004.
4. Yfirlýsing ökumanns A ódags.
5. Uppdráttur
6. Yfirlýsing E.M. dags. 4.11.2004.
7. Bréf Vátryggingafélagsins Y dags. 13.10. og 10.11.2004.
8. Bréf Vátryggingafélagsins V dags. 10.11.2004.

**Málsatvik.**

A og B var ekið til suðurs eftir Þórunnarstræti á Akureyri og var B á undan A. Ökumaður A segir að B hafi verið ekið mjög hægt við miðlínu og hafi hann talið að B ætlaði að beygja til vinstri og hafi hann þá ætlað að aka framúr B hægra megin en þá hafi B beygt í veg fyrir A. Ökumaður A segir að bifreið sem var á undan B hafi verið með stefnuljós og hafi ætlað að beygja til vinstri. Farþegi í A ber með sama hætti og ökumaður. Ökumaður B segir að bifreið sem ók á undan B hafi verið með stefnuljós til vinstri að bílastæðum við Menntaskólann og hafi enginn bíll verið á móti og því hafi hún ákveðið að aka hægra megin framúr bílnum sem á undan var ekið og hafi A þá ekið á hægra afturhorn B. Í bréfi Sjóvá-Almennar tryggingar kemur fram að

**Álit.**

B ók á eftir bifreið sem undirbjó vinstri beygju og var B því heimilt að aka fram úr þeirri bifreið hægra megin. A ætlaði að aka hægra megin fram úr B. Ekki liggur fyrir að ökumaður B hafi með einum eða öðrum hætti gefið til kynna að B yrði ekið til vinstri og var A því óheimilt að aka fram úr B hægra megin við þessar aðstæður sbr. 1. mgr. 20.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. A verður því að bera alla sök á árekstrinum.

**Niðurstaða.**

A ber alla sök.

Reykjavík 22.11. 2004.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

**Mál nr. 223/2004****M  
og****Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um hvort bótaskyldt slys hafi átt sér stað við sjúkranudd þann 15.07. 2004.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 08.11. 2004 ásamt fylgiskjölum 1- 8.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 19.11. 2004, ásamt fylgiskjölum þ.e. bréfi félagsins til tjonanefndar vátryggingarfélaganna, dags. 27.09. sl., tölvupósti aðila, tjonstilkyningu, sjúkradagpeningavottorði, umboði lögmanns, “samskiptaseðli” og huta skilmála fjölskyldutryggingar.
3. Niðurstaða Tjonanefndar vátryggingarfélaganna nr. 781/2004.

**Málsatvik.**

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega. Ágreiningur aðila er um hvort M hafi orðið fyrir bótaskyldu slysi er hann var í sjúkranuddi.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð með vísan til c-liðar 10. gr. skilmála fyrir slysátryggingu fjölskyldutryggingar þar sem undanskilin eru slys sem verða vegna lækningameðferðar.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Ekki hafi verið um lækningameðferð að ræða í umrætt sinn. M hafi verið í sjúkranuddi hjá sjúkranuddara, slysið hafi orðið með þeim hætti að sjúkranuddari var að nudda M og leiddi það til lömunar vinstri úlnliðar og fingra. M hafi verið óvinnufær síðan. Hann telur að hann eigi rétt á greiðslu sjúkradagpeninga úr fjölskyldutryggingu vegna óvinnufærni. Óþarft er að geta röksemdafærslu lögmanns M sem fram kemur í málskotinu.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og c-lið 10. gr. skilmála vátryggingarinnar hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu vátryggingafélagsins. Ekki er unnt að fallast á röksemdafærslu lögmanns M sem getið er í málskotinu. Meiðsl M urðu er hann var í sjúkranuddi hjá sjúkranuddara. Að óbreyttu verður að líta svo á að slík meðferð sé lækningameðferð í skilningi vátryggingarskilmála slysátryggingar fjölskyldutryggingar. M á ekki rétt á greiðslu sjúkradagpeninga því hér er um undanskylda áhættu að ræða samkvæmt nefndum skilmálum.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 7. desember 2004

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 246/2004

B

og

Vátryggingafélagið X

vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar og  
ökutækjatrýggingar D

**Ágreiningur um greiðsluskyldu vegna tjóns á bifreið.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 7.12.2004.
2. Niðurstaða tjonanefndar í máli nr. 902/04.
3. Tjónstilkynning, dags. 14.10.2004.
4. Tjónstilkynning/skýrsla vegna ábyrgðartjóns, dags. 27.10.2004.
5. Kostnaðaráætlun vegna viðgerðar.
6. Bréf X, dags. 20.12.2004.
7. Tölvupóstur X frá 10.1.2005.

**Málsatvik.**

Verktaki við gatnagerðarframkvæmdir fékk vöruflutningabifreið D eigu A til þess að færa til bifreiðina E. Bifreiðin var færð þannig að kaðall var bundinn í þverslá vörulyftu E. Bifreiðinni síðan lyft upp að aftan með lyftikrana vöruflutningabifreiðarinnar og dregin 10-15 metra afturábak. Við þetta skemmdist vörulyftan.

Eigandi E telur sig eiga rétt á að fá skemmdirnar bættar frá eiganda vöruflutningabifreiðarinnar sem notuð var til þess að lyfta og draga E.

**Álit.**

X, sem tryggja vöruflutningabifreiðina og A hefur keypt frjálsa ábyrgðartryggingu hjá, telja tjónið ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu A. Tjónið falli undir undantekningarákvæði almennra skilmála um ábyrgðartryggingu fyrir atvinnurekstur, grein 6.2., sem tjon vegna skemmda á munum sem vátryggður hefur til flutnings eða eru af öðrum ástæðum í vörslu hans.

Óumdeilt er í málinu, að vöruflutningabifreiðin D var í umrætt sinn notuð til þess að lyfta bifreiðinni E upp að aftan og færa hana til um 10-15 metra. Þar eð bifreiðin var í þetta sinn notuð sem dráttarbifreið til að færa bifreiðina E úr stað er tjon á bifreiðinni sem dregin var bótaskyldt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu dráttarbílsins samkvæmt hlutlægu ábyrgðarreglunni í 1. mgr. 88. grein umferðarlaga nr. 50/1987.

**Niðurstaða.**

Eigandi E á rétt á skaðabótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu D hjá X.

Reykjavík, 18. janúar 2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 254/2004

M

vegna skemmda á bifreiðinni S

og

Vátryggingafélagið X v/landsbúnaðartryggingar G

**Skemmdir á bifreið sem lagt var við veiðisvæði og hross nörtuðu í 02.09. 2004.**

## Gögn.

1. Málskot móttakið, 17.12. 2004, ásamt fylgiskjölum þ.e. bréf vátryggingafélagsins til tjónanefndar, dags. 20.09. 2004, sjónarmið M, dags. 16.09. 2004 og dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-333/1995 (þar sem ekki er fallist á bótaábyrgð bónda).
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.01. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 757/2004.

## Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta í þessari samantekt. Mál þetta varðar skemmdir sem urðu á umræddri bifreið þegar hross í landi G, í eigu viðkomandi bónda, nörtuðu í bifreið M. M var við veiðar í landi bóndans og hafði keypt til þess leyfi af bóndanum. Ágreiningur aðila er um það hvort M eigi rétt til greiðslu bóta vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni í umrætt sinn m.ö.o. hvort tjónsatvikið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu landbúnaðartryggingar.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Gerð er grein fyrir afstöðu félagsins í bréfi til nefndarinnar, dags. 17.01. sl. M hafi verið að veiðum innan girðingar á landi bóndans. Honum hafi mátt vera ljóst að innan girðingar væru dýr til beita og þeirra gæti verið að vænta hvar sem er landinu einnig nærri ánni (veiðistaðnum). Veiðimenn þurfa að vera á varðbergi við aðstæður sem þessar. Vátryggingafélagið getur þess m.a. að í þau 11 ár sem bóndinn hefur búið á jörðinni hafi atvik sem þetta aldrei hent veiðimenn eða aðra. Félagið vísar og til þess að hagi sá sem afmarkast af umræddri girðingu og hrossin voru á beit í, spannar að sögn bóndans um 400 hektara og hrossin á við og dreif.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Sjónarmiða hans er getið í málskotinu þ.á m. í bréfi Félags íslenskra bifreiðaeigenda, dags. 10.12. sl., sem er grundvöllur málskotsins. M vísar til þess að hann hafi verið að veiðum samkvæmt fengnu veiðileyfi í landi bóndans, hann hafi ekið bifreið sinni eftir slóða að veiðistaðnum. Þegar hann hafi verið að veiðum hafi nokkur hross komið aðvífandi og nartað í bifreiðina þannig að hún skemmdist nokkuð. M hafi fælt hrossin frá og gert viðvart um tjónið. M telur bótabyrgð fyrir hendi. Bóndinn hafi selt veiðileyfi og hann hafi fylgt leiðbeiningum bóndans um veiðisvæðið. Hann hafi ekki getað áttað sig á því að hætta stafaði af því að leggja bifreið sinni þarna. Ríkar skyldur hafi verið á bóndanum á að koma í veg fyrir að búfenaður gæti komist í bifreiðina. Bóndanum hafi borið að vara við þeirri hættu sem var samfara því að leggja bifreiðinni þarna.

## Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátrygginga-félagsins. Ekki hefur verið sýnt fram á að tjónsatburð máls þessa megi rekja til vanbúnaðar eða vanrækslu sem bóndinn beri skaðabótaábyrgð á. M var að veiðum á landi bóndans þar sem gera mátti ráð fyrir því að dýr væru laus til beita og

að þeirra gæti verið að vænta í landinu, einnig nærri veiðistaðnum. Ekki er unnt að telja bóndanum þó að bóndinn hafi ekki varað sérstaklega við búpeningi/hestum sem voru á beit. Sá sem ekur um innan girðingar á landi bónda má að jafnaði búast við því að þar kunni skepnur að vera nema sérstaklega hafi verið rætt um annað. Sá sem skilur bifreið eftir við þessar aðstæður verður að hafa þetta hugfast.

**Niðurstaða.**

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi, miðað við fyrirliggjandi gögn.

Reykjavík 1. febrúar 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 255/2004

M vegna hunds

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðar

**Umferðaróhapp þegar ekið var á lausan hund 20.09. 2002.**

## Gögn.

1. Málskot mótttekið 17.12. 2004, ásamt fylgiskjölum 1-8 þ.á m. skýrslu lögreglu og afriti úrskurðar nefndarinnar í máli 274/2002.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.01. 2005.
3. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1048/2002.

## Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta ítarlega.

Í málskotinu og niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna og nefndu bréfi vátrygginga-félagsins er tjónsdagur sagður 20.09. 2002. Hans mun ranglega vera getið í skýrslu lögreglu.

M var á hestbaki í Fljótsdal. Hann mun hafa verið á reiðvegi við hlið akbrautar og hafi umræddur hundur verið laus fyrir framan hann. Hann mun hafa verið að þjálfa hundinn til smölunar. Hundurinn hafði farið upp á vegkant og síðan í veg fyrir umrædda bifreið. M telur að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki slegið af heldur allt í einu snögghemlað áður en bifreiðin lenti á hundinum.

M krefst greiðslu bóta fyrir hundinn úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar. Vátryggingafélagið felst á bótaábyrgð sem nemur 50% en telur að skerða eigi réttarstöðu eiganda hundsins um 50% vegna eigin sakar. Ökumaður bifreiðarinnar hafi ekki mátt eiga von á að hundur myndi allt í einu birtast á miðri akbrautinni. Umráðamaður hundsins eigi ekki að vera að þvælast á veginum og ekki skipti máli þó “engin sérstök samþykkt banni hundahald enda mega ökumenn ekki gera ráð fyrir hundum eða mönnum á þjóðvegum landsins”. Hundurinn hafi verið laus við þjóðveg og af því hafi stafað mikil hætta að hann gæti orðið fyrir bifreið. Félagið telur að eiganda hundsins hafi borið sérstaklega að gæta hans þar sem um verðmætan hund hafi verið að ræða. Félagið telur að það hafi skort á að umráðamaður/eigandi hundsins hafi sýnt þá varkárni sem verði að krefjast þegar verið er að þjálfa hunda. Vörslur hefðu átt að vera með tryggari hætti.

M kveðst ekki hafa sýnt gáleysi. Hann telur að bifreiðinni hafi verið ekið óvarlega og að ekki sé tilefni til að skerða réttarstöðu M þrátt fyrir 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Hann telur að sambærilegt mál hafi ekki verið á borði úrskurðarnefndar en þó megi nefna mál nr. 274/2002. Í því máli hafi hundur einnig verið í þjálfun en í því máli hafi verið í gildi bann við lausagöngu hunda. M telur að verðmæti hundsins eigi ekki að skipta máli við sakarmat. Hann lætur þess getið að smalahundar fylgi almennt eigendum sínum við smalamennsku á hestum. Ekki eigi að beita strangara sakarmati þó að um verðmætan hund hafi verið að ræða. Hundurinn var 8 mánaða af Border Collie kyni.

Ökumaður bifreiðarinnar kveðst ekki hafa verið á mikilli ferð, hann hafi verið á löglegum hraða eða eitthvað undir honum en ekki getað afstýrt óhappinu. Hann hafi séð mann á hestbaki en hundurinn hafi allt í einu verið á veginum fyrir framan bifreiðina.

**Álit.**

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber ökumaður A ábyrgð á umferðaróhappi þessu.

Það er ekki unnt að virða M það til sakar að hafa verið með lausan hund á umræddum stað. Ekki er því tilefni til að skerða réttarstöðu eiganda hundsins. Ekki mun vera bann við lausagöngu hunda á umræddum stað og ekki er við eiganda hundsins að sakast þó hundurinn hafi farið í veg fyrir bifreiðina.

Verðmæti hundsins breytir ekki framanrituðu.

**Niðurstaða.**

Ökumaður bifreiðarinnar ber ábyrgð á umferðaróhappi þessu. Ekki er tilefni til að skerða réttarstöðu eiganda hundsins þrátt fyrir að hundurinn hafi verið laus í umrætt sinn.

Reykjavík 18. janúar 2005

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.